

»DAGSKRÁIN

FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

2832

Fimmtudagur 11. desember 2025

58. árgangur

Gleðileg jól



Eyravegur 51
800 Selfoss
Sími 590-6996

ADALSKOÐUN

býður í aðventukaffi

11. desember kl. 9 -12

Lokað verður fyrir skoðanir á meðan viðburði stendur



X6 var rússajeppi föður míns Ágústs Þorvaldssonar á Brúnastöðum.



Ég hef hug á að kaupa slíkan bíl sé hann til í þokkalegu ástandi.

Með jólaþveðju.

Guðni Ágústsson, sími 891-9049

Dagatal Búsögu 2026

með fallegum myndum og fræðandi texta. Verð 3.000 kr. Greiðslubeiðni birtist í heimabanka. Sendum hvert á land sem er og kostnaður aðeins burðargjald samkvæmt gjaldskrá Íslandspósts. busaga@simnet.is - s 8949330



Aðventýrlegur fjöldi þátttakenda á Jólaævintýri í Hallskoti

Nýliðna helgi fór fram í fyrsta sinn Jólaævintýri í Hallskoti. Áhorfendum var boðið í ferðalag um skóginn sem var upplýst af jólaljósum og vasaljósum þátttakenda.

Fjöl margar ævintýraper-sónur biðu áhorfenda í skóginum, álfar, Jólakötturinn,

ævintýrasveppur og norn. Kór Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri kom fram sem tröllabörn og hjálpuðu Grýlu mömmu sinni að finna bróður þeirra, jólasveininn Hurðaskelli. Þátttaka fór fram úr björtustu vonum og vonir standa til að hægt verði að endurtaka viðburðinn að ári.

Aðstandendur verkefnisins voru Leikfélag, Skógræktarfélag og Ungmennafélag Eyrarbakka ásamt Menningar & upplýsingadeild Árborgar.

Ljósmyndir: Elín Birna Bjarnfinnsdóttir / Hera Fjölvisdóttir



Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Framúrskarandi fyrirtæki 2019

Arvirkinn

Neyðarsími 660 1160 Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160 www.arvirkinn.is

Fáðu fagmann í verkið

25 ára afmæli

PÍPULAGNIR SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi S. 699 1985 / 823 6656

Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025

FJÖLSKYLDU TILBOÐ

7.990 kr.

4 ostborgarar
4 skammtar af frönskum
4 kokteilsósur
og 2L Pepsi Max.



KÍKTU Á
MÁTSEÐILINN
OKKAR!



skallisel.is

Skalli
Sá svalasti í bænum

Austurvegur 46, 800 Selfoss

483-1111

Selfossrútan X 874

Við fórum saman nokkrir félagar til Reykjavíkur á gamla X-874 þegar 60 ára afmæli Umferðamiðstöðvarinna BSÍ í Vatnsmýri var fagnað 21. nóvember 2025. Í þeirri ferð kviknaði sú hugmynd að taka saman nokkur sögubrot um þennan merka bíl sem hefur þjónað Sunnlendingum svo lengi. Ég vil þakka starfsfólki Prentmet-Odda á Selfossi fyrir veitta aðstoð og plássið í Jólalblaðinu.

Kristinn M. Bárðarson



Björgvin Sigurðsson frá Jaðri á Stokkseyri var formaður verkalýðsfélagsins Bjarma, frá 1935-1978. Jón Gunnlaugsson ók með félagi Bjarma í mörg sumur. Þessi mynd er frá sumrinu 1983 (fyrir utan Hótel Húsavík) en þá var farin 10 daga hingferð. Þessar ferðir voru vinsælar meðal félagsmanna, en ferðin, matur og gisting var í boði verkalýðsfélagsins. Sumir félagsmanna áttu ekki bíl eða voru ekki með bílpróf.



17. júní í 41 ár. Selfossrútan X 874 17. júní í 41 ár. Guðbjörg Sigðurðardóttir og Kristján Már Gunnarsson voru í 17. júní nefndinni 1984 en þá var Björn Ingi Gíslason form Umf Selfoss. Guðbjörg og Þórir Jónsson settu upp áætlun og hjuggu til tímaplan. Ungu fólkið kallar rútuna oft 17. júní rútuna.



Ólafur Th Ólafsson málaði þessa skemmtilegu mynd af X-874 á regnvotum degi á Miklubrautinni. Óli Th fór þá með Guðbirni Frimannssyni á mjólkurbíl til Reykjavíkur um morguninn og með Selfossrútnu seinnipartinn heim. Um vorið kom hann með þessa mynd til Steins Hermanns.



Árnesti sjoppan v/Tryggvaskála er opnuð 25. mars 1978, Árni Leósson og Ólafur Auðunsson (frá Kálfhóli) smíðuðu húsið. Árið 1977 voru 85 þúsund farþegar fluttir með áætlunarbílum SBS. Afgreiðslan var við Tryggvaskála þar til hún flytur í Hótel Selfoss þegar nýja hótelið opnar 1986.



Í einum þáttana af Felix og Klöru var farið að Sólheima í Grímsnesi og var það trausti bílstjórinn Eyvindur Þórarinnsson sem ók Felix og förunautum á X-874. Á leiðinni austur komst Felix að því að Eyvindur er gamalreyndur söngvari, en hann hann syngur í Karlaðór Selfoss (var formaður 1996-2002) og vildi Felix auðvitað fá álit Eyvindar á söng sínum.



Er þrettándi óhappadagur? 13. janúar 1986 varð eftirminnilegur dagur. Eyvindur Þórarinnsson fór áætlunarferð úr Reykjavík kl. 9 á X-116 Kutternum. Kutterinn var Scania með finnskri yfirbyggingu, hljóðlátur, rúmgóður og afar þægilegur fyrir farþegana. Hann gat verið varsamur í hvössum hliðarvindi og hálku. Eyvindur var á austurleið þegar hvöss vindhviða í Draugahliðarbrekkunni tók af honum völdin, en með yfirvegum og gætni tókst Eyvindi að stýra útaf og stoppa án þess að slys yrði og að farþegarnir 13 slösudust (reyndar var þetta svo mjúkur akstur að þegar bíllinn var stöpp og fólk fór að fara úr sætum sínum að stúlka sem hafði lagt sig afturí vaknaði og spurði „erum við í Hveragerði!“) Kl. 13.00 fór Sigurdór Sigurðsson áætlunarferðina til Reykjavíkur á X-874 með 13 farþega (undarleg tilviljun). Stuttu áður en að hann kemur að Draugahliðarbrekkunni tekur hvöss vindhviða völdin af Sigurdóri og bíllinn fýkur útaf og veltur. Skemmdir voru sáralítlar, nokkrar rúður brotnuðu þegar farþegarnir voru að koma sér útúr bílnum. Kristján Jónsson bílstjóri hjá MBF var með fyrstu bílum sem kom að slysinu, Kristján gat tekið 10 farþega í Mjólkurbílinn og ók þeim til Reykjavíkur en 3 fengu far með bíl sem var koma úr Þorlákshöfn. Einar Valdimarsson kom svo á X-853 (með keðjur á öllum hjólum) og tókst með góðri hjálp manna sem voru við vinnu í malarnámum rétt hjá að koma X-874 inná veg og draga hann austur á Selfoss.



Sunnlenski matgæðingurinn

Mexíkósk kjúklingasúpa

Sigurbjörg Sara Sveinsdóttir er matgæðingur vikunnar.

Ég vil þakka minni kærri mágkonu henni Margréti fyrir áskorunina. Ég ætla að sýna ykkur hvernig ég geri gómsæta Mexíkóska kjúklingasúpu.

Mexíkósk kjúklingasúpa

- 1 dl. vatn
- 600 gr. Kjúklingakjöt
- 1-2 rauðar paprikur
- 1/2 - 1 stk. Rautt eða grænt chili
- 1/2 blaðlaukur
- 5-6 hvítlauksrif pressuð
- 3 tsk. Paprikuduft
- 1 sæt kartafli
- 6 vel rauðir tómatar
- 3 msk. lífræn tómatpúrta
- 1 líter vatn
- 1 1/2 tsk. sjávarsalt
- 3 msk. grænmetisraftur
- 4 dl. tacosósa
- 150 gr. rjómaostur

Skerið kjúklinginn, paprikuna og chilið í litla bita. Skera laukinn smátt.



Steikja kjúkling, papriku, chili í desilítra af vatni í stórum potti og paprikuduftið haft í. Afhýða sæta kartöflu og skera í litla bita og sett í pottinn. Tómatarnir einnig brytjaðir og settir út í. Vatni, tómatpúrta, sjávarsalti og krafti bætt í pottinn og látið sjóða í 20 mínútur. Tacosósa og rjómaostur sett í pottinn og hitað í nokkrar mínútur. Borið fram með doritos, sýrðum rjóma og rifnum osti.

Ég skora á Ingibjörgu Ósk Hannesdóttur að vera næsti matgæðingur.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Bláðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaleið: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

Prentun: Prentmet Oddi
ISSN 1670-407X Svansvottuð prentsmíða

Gáta vikunnar

Hluti bands sem blinda má, býr í góðu leikhúsverki. Í hjóðvarpi þú hlustar á, heljarmargfaldarinn sterki.

Svar við gátu í blaði 2831: **VÖR**
1. Vör (efri og neðri) - 2. Vör á könnu
3. Bærin sem Jón úr Vör var kenndur við.
4. Lendingarstaður báta, ýta úr Vör.






Jóla útsala 20-50%

Gildir ekki af lifandi jólatrjám

Jólaljós 20-50% • Inniserfúr 20% • Útiserfúr 30% • Ljósahús 50% • Aðventuljós og gluggaljós 30-50% • Gervijólatré 25%
 Jólakerti 30% • Kerti 30% • Servíettur 30% • Jólaservíttur 30% • Jólakúlur 30-50% • Jólalengjur 30%
 Jólakransar 30% • Jólaskreytingaefni 30% • Jólatrésdúkar 30% • Jólakertastjakar 30-50% • Jólasyttur 30-50%
 Jólaskreytingar 20% • Jólappapír og pakkabönd 30%

JÓLATRÉ

Sértilboð

Allar stærðir eitt verð

4.990_{kr} ~~6.990_{kr}~~

Nordmannspinur:

Standard flokkur, 150-240 cm.

Tré merkt með röndóttum miða

Skoðaðu jólagjafahandbókina á husa.is

Jólajazz af gamla skólanum í Gömlu kartöflugeymslunni á Eyrarbakka

Hýlegur jólaandi mun svífa yfir Eyrarbakka þann 14. desember n.k. kl. 20:00 þegar tónlistarkonan Marína Ósk blæs til tónleika í Gömlu kartöflugeymslunni við Búðarstíg. Þeir Tómas Jónsson hljómborðsleikari og Leifur Gunnarsson kontrabassaleikari verða henni til halds og trausts. Uppselt er á tónleikana og tilhlökkun mikil.

Söngkonan og lagasmiðurinn Marína Ósk flutti á Eyrarbakka í lok árs 2024. Hún er fædd og uppalin í Bítlabænum Keflavík og fékk tónlistina í vöggugjöf frá foreldrum sínum. Marína er með meistaragráðu í Jazz-

tónlist og var fyrr á árinu valin Jazzsöngkona ársins á Íslensku tónlistarverðlauninum. Hún einskorðar sig þó ekki við jazz og er t.a.m. önnur aðalsöngvara ábreiðuhljómsveitarinnar The Bookstore Band, sem leikur í Húsi Máls og Menningar í Reykjavík á hverju kvöldi fyrir fullu húsi. Marína semur einnig sína eigin tónlist og gaf út sína þriðju sólóplötu, „Oh, Little Heart“ í apríl 2025.

Á tónleikunum 14. desember verða flutt ástkær jólalög sem allir þekkja og þau klædd í gamaldags jazzbúning í anda Bing Crosby, Ellý og Villa og

Ellu Fitzgerald. Munu áhorfendur upplifa góðan skammt af jólaskapi og huggulegheitum. Sem fyrr segir verða tónleikarnir haldnir í Gömlu kartöflugeymslunni á Eyrarbakka og seldust miðar upp.

Tveir af eigendum kartöflugeymslunnar eru hjónin Agnes Ósk Snorradóttir og Björgvin Guðmundsson. Samstarf hjónanna og Marínu Óskar er nýtt af nálinni. „Þau Agnes og Björgvin mættu á tónleika hjá mér í nóvember og buðu mér í framhaldinu að skoða Gömlu kartöflugeymsluna. Við vorum öll sammála um að þetta ein-

staka rými væri algerlega fullkomið fyrir jólajazz!“ segir Marína Ósk.

Saga Gömlu kartöflugeymslunnar nær aftur til miðrar síðustu aldar þegar afi Björgvins fékk efni frá bandaríska hernum í Keflavík. Geymslan var reist sumarið 1951 og þannig varð skotfæra- og sprengjugeymsla að kartöflugeymslu. Kartöflugeymslan er undir torfu og upplifa gestir gjarnan að stigið sé inn í annan heim við komuna þangað. „Gamaldags jazz og jólatónlist er að mínu mati hin fullkomna blanda af hjartahlýju og góðum minningum.“ segir Marína Ósk og bætir við: „Jazzinn sem dunaði þegar kartöflugeymslan var byggð skartaði



skærustu stjörnum jazzsögunnar og ég er ekki frá því að ómur þess tíma sé hreinlega innbyggður í vegg geymslunnar!“

LÍFLAND AÐVENTU- KVÖLD Í KVÖLD

LÍFLAND SELFOSSI

Fimmtudagskvöldið
11. desember frá kl. 18-21

Góð jólastemming, lukkuhjóll og girnilegar veitingar frá Kjötóbúrið.

Glódís Rún knapi mætir, gefur góð ráð og Fanney Hrund rithöfundur kynnr nýjustu bók sína.

Kíktu við í notalega stund með okkur og gerðu góð kaup fyrir jólin.

KJÖTÖBÚRIÐ

20%
afsláttur af öllu
nema af undirburði, mjólkurdufti, stórsekkjum og hnökkum

Lífland Selfossi - Austurvegi 69 - 800 Selfossi - Sími 540 1165

Þrjú verkefni hljóta samfélagsstyrk Krónunnar á Suðurlandi

Fjórtán verkefni hljóta samfélagsstyrk Krónunnar í ár og að þessu sinni hlutu þrjú verkefni styrk á Suðurlandi. Þar á meðal er blakdeild Dímonar og Heklu á Hvolsvelli sem mun nýta styrkinn í að koma á fót byrjendánámskeiði í blaki fyrir konur 18 ára og eldri. Auk þess hlutu Kerhólsskóli á Borg í Grímsnesi og leikskólinn Mána-land á Vík í Mýrdal styrk til kaupa á svokölluðum Bambahúsum sem er umhverfisvænt gróðurhús gert úr endurnýtanlegum efnum. Bambahús nýtast til að rækta grænmeti allt árið um kring og á sama tíma fræða börnin um mikilvægi þess að vita hvaða einstök matvæli koma.

Gróðurhús sem kennslustofa

Kerhólsskóli á Borg er samrekin leik- og grunnskóli með um 90 nemendur. Skólinn er útinámskóli, virkur í Grænfánastarfi og tók á móti sjötta Grænfánanum nú í vor. Hingað til hafa nemendur og starfsfólk plantað trjá, sett niður kartöflur, sykurbáunir, sólblóm og fleira í kerjum utandyr. Lengi hefur staðið til að koma upp gróðurhúsi við skólann sem nýtist báðum deildum og hefja umfangsmeiri og fjölbreyttari ræktun sem hluti af fræðslu nemenda.

„Við þökkum Krónunni kær-

lega fyrir Bambahúsið sem mun nýtast til að auðga nám nemenda leik- og grunnskóladeildar. Með því að rækta mat og plöntur frá fræi til uppskeru felast ótrúleg námstækifæri fyrir nemendur okkar sem styrkja tengsl þeirra við náttúruna, auk þess sem slík upplifun eykur sjálfstraust barna og trú á eigin getu. Gróðurhús sem kennslustofa gerir okkur líka kleift að bjóða upp á fjölbreytt námsumhverfi og þar með einstaklingsmiðaðra nám,“ segir Anna Katrín Þórarinsdóttir, umsjónarkennari í yngri deild Kerhólsskóla.

Áhersla á umhverfisvitund, hollustu og hreyfingu

Krónan hefur frá árinu 2013 veitt samfélagsstyrki en á síðustu árum hefur áhersla verið lögð á að ýta undir verkefni sem stuðla að umhverfisvitund eða aukinni lýðheilsu þar sem sjónum er einkum beint að ungu kynslóðinni. Fjórum Bambahúsum var úthlutað í ár og hefur Krónan lagt ríkari áherslu á að veita styrki til kaupa á slíkum gróðurhúsum. Foreldrafélagið á leikskólanum Leikholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hlaut til að mynda Bambahús frá Krónunni árið 2023 og síðan þá hafa nemendur notast við Bambahúsið til að rækta, læra og kynna náttúrunni.



Nemendur í leik- og grunnskóladeild voru spennir að kíkja inn í húsið sem mun brátt fyllast af alls kyns grænmeti og plöntum.

ALLAR JÓLABÆKURNAR Á EINUM STAÐ

AÐ AUKI ALLSKONAR DÝRGRIPIR
FYRRI TÍMA, GJAFAVÓRUR FYRIR
ALLA BÓKAMENN.

JÓLABÓKA- UPPLESTUR

FIMMTUDAGSKVÖLDIÐ
11. DESEMBER KL. 20-22

Gísli Sverrir
Una Margrét
Lárus Jón
Júlíus Sólmes
Bergljót Soffía
Gríma Kamban


Notaleg stemning við kertaljós, kakó og smákökur.

Bókakaffið



Hátíðarstraumar um allt land

Gleðileg jól



Við óskum viðskiptavinum okkar, samstarfsaðilum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfu á nýju ári. Við leggjum línurnar að framþróun og uppbyggingu sem hreyfir samfélög á landsbyggðinni til framtíðar.



Judoæfingar fyrir alla aldurshópa

Við bjóðum upp á judoæfingar fyrir börn og full-orðna – fyrir alla, frá byrjendum til lengra komna. Komdu og prófaðu þessa spennandi og skemmtilega íþrótt sem byggir upp styrk, jafnvægi og sjálfs-traust. Frítt er á fyrstu tvær æfingar. Erum staðsett í Sandvík fyrir framan sundhöllina.

Nánari upplýsingar inná umfs.is/judo

Övissan er helmingurinn af fjörinu

Híð vinsæla Jólahjól Stuðlabandsins snýr aftur í desember, að þessu sinni á Hótel Selfoss. Tónleikarnir fara fram dagana 12., 13. og 20. desember og er nú þegar orðið uppselt á tvö kvöld.

„Stemningin er ótrúlega góð og svolítið spennuþrungin. Það er mikið þakklæti í hópnum yfir því að geta sett þessa tónleika á lagginnar á ný og mikil tilhlökkun,“ segir Marínó, trommari Stuðlabandsins, í viðtali við Dagskrána.

Fyrstu tónleikar streymdir í COVID

Stuðlabandið sendi fyrstu útgáfu af Jólahjólinu í loftið í beinni útsendingu annan í jolum árið 2020, þegar samkomubann og takmarkanir vegna COVID leiddu til þess að tónleikarnir færðust yfir á stafrænan vettvang. „Þetta byrjaði sem grín í COVID þegar við vorum að gera streymi og vildum gera eitthvað öðruvísi. Það voru streymi hverja helgi á þessum tíma þar sem allir voru að gera venjulega tónleika en við vildum gera eitthvað sem myndi brjóta aðeins upp þetta hefðbundna form,“ segir Marínó. Á eftir fylgdi Áramótahjólið á nýársnótt og hefur hvoru tveggja slegið rækilega í gegn hjá gestum.

Af hverju Jólahjól?

Hugtakið hjól er ekki komið af



ástæðulausu, heldur lýsir það eðli tónleikanna; Lukkuhjól á sviðinu stýrir dagskrá tónleikanna að stórum hluta og tryggir að engir tónleikar séu eins. Tónleikarnir geta því alltaf tekið óvænta og skemmtilega stefnu. Övissa, húmor og tónlistarlegur fjölbreytileiki eru grunnstoðir Jólahjólsins. Tónleikagestir hafa látið afar vel af sinni upplifun við tónleikana og eru þeir orðnir fastur liður margra Sunnlendinga ár hvert.

Leynigestir munu líkt og áður stíga á svið og aldrei kemur sami leyningesturinn fram tvö kvöld í röð. Gjörningalistamaðurinn Matthías verður á sínum stað og er líklegur til að hrista vel upp í hlutunum. „Við vitum ekki alveg hvað hann gerir, og það er stór hluti af gleðinni,“ segir bandið. „Matthías er einn stærsti óvissuþáttur í þessu. Honum er best lýst sem gjörningalistamanni. Það veit enginn hvaða atriði hann hefur undirbúið annar en hann sjálfur.“

Spennandi endurkoma

Tónleikarnir voru haldnir á Sviðinu á Selfossi árin 2022 og 2023 en hlé var gert á tónleikaröðinni í fyrra þegar Magnús Kjartan greindist með bráðahvítblæði og beindi kröftum sínum að meðferð og bata.

Nú er tónleikaröðin komin aftur og verður í ár haldin á Hótel Selfoss með Magnús Kjartan fremstan í broddi fylkingar.

Fyrstu tvö kvöldin, 12. og 13.

desember, býður Hótel Selfoss upp á sérvalinn þriggja rétta háttíðarkvöldverð sem verður framreiddur áður en jólapartíðið hefst. Sú samsetning hefur vakið mikla ánægju en það er uppselt bæði kvöldin 12. og 13. desember.

Að auki heldur Stuðlabandið áfram sinni árlegu hefð og býður fólki á Suðurlandi með sérþarfir og aðstandendum þeirra á aukatónleika þann 20. desember kl. 14.00. „Okkur hefur þótt það mikilvægt að bjóða þessum hóp á tónleika. Þau eru fyrst og fremst sjúklega skemmtileg og þetta verða oft eftirminnilegustu tónleikarnir hjá okkur. Gleðin hjá þeim er alveg gríðarlega smitandi,“ segir Marínó.

Dagsetningar tónleikanna:

12. desember – uppselt
13. desember – uppselt
20. desember – lausir miðar
Miðasala fer fram á Stuðlabandið.is

Fyrir þá sem rétt eru að spá í að mæta síðasta kvöldið – af hverju ættu þau að mæta? „Af því þessir tónleikar eru bara svo skemmtilegir. Þarna erum við að vinna aðeins meira með gleði og stemningu frekar en hátíðleikann. Það er gott að lyfta sér aðeins upp svona rétt fyrir jólin. Það er uppselt 12. - og 13. desember þannig að ef fólk vill upplifa þetta, þá er 20. desember kvöldið,“ segir Marínó að lokum.

SEG



Innilegar kveðjur og þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samhug og hlýju við fráfall okkar hjartkæra

Steinars Karlssonar

sem andaðist á Móbergi á Selfossi
8.nóvember s.l.

Aðstandendur





FJÖLSKYLDU JÓLAHLAÐBORD

 AÐALSALUR HÓTEL SELFÓSS
14. DESEMBER - KL. 14:00
JÓLASVEINARNIR MÆTA MEÐ
GLAÐNING FYRIR BÖRNIN

FULLORÐNIR: 7.990 KR.
6-12 ÁRA: 3.990 KR. **BÓKANIR Á**
0-5 ÁRA: FRÍTT **INFO@HOTELSELFÓSS.IS**

**HOTEL
SELFÓSS**
RESTAURANT
& SPA



Jólasædill

FORRÉTTUR
Dádýra tataki með ponzu, trönuberjum,
miso og hægeldaðri peru

AÐALRÉTTUR
Gljád andabringa með brúnuðu
hvítkáli, epla og kryddjurtasalsa,
einiberjagljáa og pomme anne

EFTIRRÉTTUR
Hvítsúkkulaði parfait með
svissneskum marengs, trönuberjum,
mandarínunum og pistasíum

Njóttu hátíðarinnar
á Hótel Selfossi



SKÖTUVEISLA

HLÖKKUM TIL AÐ TAKA Á
MÓTI YKKUR Á ÞORLÁKSMESSU
Í EKTA SKÖTUVEISLU

SKATA, SALTÞISKUR OG
MEDLÆTI ÁSAMT
LJÚFFENGUM EFTIRRÉTTUM

23. DESEMBER
KL. 12:00 - 14:00 **BÓKANIR Á**
VERÐ: 4.990 **INFO@HOTELSELFÓSS.IS**

**HOTEL
SELFÓSS**
RESTAURANT
& SPA

Gleðileg jól

Við óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum
gleðilegra hátíða og farsældar á nýju ári með þakklæti
fyrir góð samskipti á árinu sem er að líða.

Hátíðarkveðjur,
starfsfólk Apóteks Suðurlands

APÓTEK
SUÐURLANDS

Austurvegur 24-26, 800 Selfoss - Sími 482 1182 / 482 1102 - apotek@apoteksudurlands.is

OPNUNARTÍMAR YFIR JÓL OG ÁRAMÓT: Þorláksmessa kl. 9-18 • Aðfangadagur kl. 9-12

Jóladagur LOKAÐ • Annar í jólum kl. 11-14 • Laugardagurinn 27. des. kl. 10-16 • Gamlársdagur 9-12 • Nýársdagur LOKAÐ



Starf við Byggðasafn Árnesinga

Starf sérfræðings við Byggðasafn Árnesinga er laust til umsóknar.

Um er að ræða 60% starf. Unnið er í teymi fagmenntaðra starfsmanna undir stjórn safnstjóra að fjölbreyttum verkefnum við safnið. Starfið felst helst í viðburðastjórnun, vinnu við samfélagsmiðla, móttöku gestahópa og skólahópa, leiðsögn og gæslu og ýmsu fleiru sem fellur undir starfsemi safnsins. Leitað er að drifandi og áhugasömum einstaklingi sem er sjálfstæður og vandaður í vinnubrögðum og lipur í mannlegum samskiptum. Æskilegt er að umsækjandi hafi menntun sem nýtist í starfi og þekkingu á safnstarfi. Góð almenn tölvukunnátta er nauðsynleg og góð íslenskukunnátta og ritfærni. Góð enskukunnátta er áskilin og færni í öðrum erlendum tungumálum er kostur. Æskilegt er að viðkomandi geti unnið utan hefðbundins dagvinnutíma á álagstímum.

Byggðasafn Árnesinga er í eigu Héraðsnefndar Árnesinga bs., starfs-
svæðið er Árnessýsla öll en höfuðstöðvar safnsins eru á Eyrarbakka. Safnið er með skrifstofu og varðveisluaðstöðu að Búðarstíg 22 á Eyrarbakka og grunnsýningu í Húsinu á Eyrarbakka, Eggjaskúrnum og Kirkjubæ. Það sér einnig um starfsemi Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og Rjómabúsins á Bausstöðum.

Umsóknarfrestur er til 28. desember. Gert er ráð fyrir að ráða til eins árs með möguleika á framtíðarráðningu. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Visku við Samband íslenskra sveitarfélaga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst frá og með 1. febrúar. Nánari upplýsingar gefur Lýður Pálsson safnstjóri í síma 891 7766.



Upplýsingar um Byggðasafn Árnesinga er að finna á heimasíðu safnsins www.byggdasafn.is. Umsóknir skal senda til Byggðasafns Árnesinga, Búðarstíg 22, 820 Eyrarbakka eða á netfangið lydurp@byggdasafn.is. Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið.



Slysh heldur jólatónleika annað árið í röð

Drengirnir í SLYSH stíga annað árið í röð á svið með hátíðlegum jólatónleikum þar sem allt er lagt í gott málefni. Líkt og í fyrra fer allur ágóði til Sjóðsins góða. Sjóðurinn góði styrkir bæði fjölskyldur og einstaklinga sem hafa ekki kost á að mæta nauðpurfum fyrir jólin. Að þessu sinni verða tónleikarnir haldnir á Hótel Örk í Hveragerði, þriðjudaginn 16. desember.

Hljómsveitin samansafnar af sex ungum piltum frá Hveragerði og hafa þeir verið að spila saman síðan í grunnskóla. Með árunum verða þeir sífellt sýnilegri og halda stöðugt áfram að gera gott.

Hljómsveitina skipa þeir

Björgvin Svan Mánason sem spilar á gítar og er bakrödd, Gísli Freyr Sigurðsson sem er aðalsöngvari, Eyvindur Sveinn Lárusson spilar á rafmagnsgítar, Hrafnkell Örn Blöndal Barkarson er á hljómborðinu, Stefán Gunngeir Stefánsson er trommari og Úlfur Þórhallsson spilar á bassa.

Halli Daða mun sjá um að kynna og skemmta liðinu. Sérstakir gestir á tónleikunum verða Pálmi Gunnarsson, Ágústa Eva, Daði Freyr og sérstakur kór SLYSH syngur ljúfa tóna.

Strákarnir tryggja notalega jólastemmningu og lofa að koma öllum gestum tónleikanna í jólastöð.

SEG



Hljómsveitin SLYSH. Mynd: Aðsend.

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:

Rauðsbakki – Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til 0,5 ha svæðis í landi Rauðsbakka, L163709. Gert er ráð fyrir 16, 20-30 m² húsum fyrir starfsfólk. Hámarksbyggingarmagn innan svæðisins eru 530 m² og hámarkshæð húsa er 4 m frá gólfkóta. Lögð er áhersla á litla sjónmengun og náttúrulegu efni.

Samkvæmt 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulagi:

Vistarvegur, Ytri-Skógar – deiliskipulagsbreyting

Með deiliskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir að tveimur parhúsalöðum verði breytt í eina lóð fyrir allt að 16 íbúðir á 1.400 m² lóð, hámarkshæð húsa verður 7,5 m. Samhliða er bílastæðum fjölgað úr 12 í 16.

Vistarvegur, Ytri-Skógar – aðalskipulagsbreyting

Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að breyta íbúðarbyggð, ÍB23 sem er hluti af þéttbýlissvæði Skóga. Verið er að hækka íbúðafjölda úr 5 í 16 íbúðir.

Ofangreindar tillögur er hægt að kynna sér á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli. Umsagnar- og athugasemdarfrestur lýsingarinnar er frá 12. desember 2025 til og með 26. janúar 2026. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra



HELGIHALD UM JÓL

24. desember – Aðfangadagur

Stórborgarkirkja í Grímsnesi: Fjölskyldujólamessa kl. 13. Jólaguðspjallið sett á svið og hjartkærir jólasálmar sungnir. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir og Jón Bjarnason þjóna.

Sólheimakirkja: Aftansöngur kl. 16. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir og Jón Bjarnason þjóna. Mikill almennur söngur og allir góðu jólasálmarnir sungnir.

Skálholtsdómkirkja: Aftansöngur kl. 18. Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar flutt. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir og Jón Bjarnason þjóna. Skálholtskórinn syngur.

Skálholtsdómkirkja: Hátíðarmessa á jólanótt kl. 23.30. Sr. Kristján Björnsson vígslubiskup þjónar og prédikar. Skálholtskórinn syngur undir stjórn Jóns Bjarnasonar dómorganista.

25. desember – Jóladagur

Skálholtsdómkirkja: Hátíðarmessa kl. 14. Sr. Kristján Björnsson vígslubiskup þjónar og prédikar. Skálholtskórinn syngur undir stjórn Jóns Bjarnasonar dómorganista.

Þingvallakirkja: Hátíðarmessa kl. 14. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir þjónar og prédikar. Nýtt orgel kirkjunnar formlega tekið í notkun og blessað. Organisti leikur á orgel.

26. desember – Annar jóladagur

Bræðratungukirkja: Hátíðarmessa á jólum kl. 14. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir og Jón Bjarnason þjóna. Hið veglega kirkjukaffi á bænum eftir messu er á sínum stað.

27. desember – Þriðji jóladagur

Úthlíðarkirkja: Jólamessa kl. 14. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir og Jón Bjarnason þjóna. Glæsilegt kirkjukaffi í Réttinni eftir messu.



SKANNIÐ
QR-kóðann til að
sjá alla viðburði!

Sundlaugar Árborgar - Aukin opnun og ný kennslusundlaug

Sundlaugar gegna mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi og eru hornsteinn daglegs lífs margra. Þær eru meira en íþróttamannvirki – þær eru staður þar sem fólk hittist, ræðir málin og styrkir tengsl sín við samfélagið. Í heitu pottunum blandast saman kynslóðir, nýbúar og fastagestir þar sem skapast óformlegt rými fyrir samtal og samveru sem er einstakt í íslenskrri menningu. Sundlaugar eru félagslegur vettvangur þar sem samfélagið speglast, styrkst og þroskast.

Í Sveitarfélaginu Árborg eru starfræktar tvær sundlaugar, á Selfossi og Stokkseyri. Frá sameiningu sveitarfélaganna árið 1998 hefur lítið verið gert í útsvæðum lauganna, sem sýnir jafnframt hversu vel mannvirkin voru hönnuð upphaflega. Sundlaugar eru sannkallaðir demantar í nærumhverfinu. Nýverið er búið að fara í miklar endurbætur á útsvæði sundlaugarinnar á Stokkseyri þar sem m.a. var skipt um sundlaugarkar. Áætlað er að gestafjöldi verði um 320 þúsund árið 2025, þar af 314 þúsund gestir á Selfossi og 7.600 á Stokkseyri. Rekstrarkostnaður lauganna fyrir árið 2025 er um 480 milljónir króna og áætlaðar tekjur um 110 milljónir.

Bættur opnunartími
Frá og með 1. desember verður opið klukkutíma lengur á kvöldin í Sundhöll Selfoss, þ.e. til kl. 22:00, mánudaga til fimmtudaga. Lenging opnunar er möguleg vegna aukins samstarfs við

World Class um rekstur á húsnaði laugarinnar og er því ekki um að ræða kostnaðarauka umfram áætlun fyrir sveitarfélagið. Ekki voru þó allir sammála breytingunni þar sem fulltrúar Samfylkingar og oddviti Framsóknar kusu gegn tillögunni í bæjarstjórn Árborgar.

Það hefur þó verið ákall frá ungmennum og fjölskyldufólki um lengri opnunartíma á kvöldin. Þá geta ungmenni farið í sund eftir kvöldæfingar eða fjölskyldufólk þegar ró hefur komist á heimilið. Á Stokkseyri verður síðan opnunardögum fjölgað. Þar verður yfir vetrartímann, opið mánudaga til fimmtudaga frá 16:30–20:00 og óbreytt um helgar.

Saunuklefar
Nýr saunaklefi er væntanlegur á útsvæði sundlaugar Stokkseyrar og verður hann glæsileg viðbót við aðstöðu sundlaugargesta. Saunan mun auka fjölbreytni í þjónustu, bæta aðstöðuna fyrir bæði íbúa og ferðamenn og styðja við heilsuefningu á svæðinu. Á sama tíma stendur til að stækka saunaklefan við Sundhöll Selfoss, sem er mikið sóttur af gestum og í raun orðin of lítill miðað við fjölda notenda. Klefinn þarfnast viðhalds og mun stækkunin bæði bæta notendaupplifun og auka rými til að taka á móti fleiri gestum. Með framkvæmdinni verður komið fyrir tveimur mismunandi tegundum saunaklefa: hefðbundnum saunaklefa og nýjum infrarauðum

Sveinn Ægir Birgisson,
formaður bæjarráðs og bæjarfulltrúi D-lista.



klefa.


Með þessum breytingum eru sundlaugar Árborgar að taka stórt skref í átt að fjölbreyttari heilsu-, vellíðunar- og afþreyingaraðstöðu fyrir íbúa á öllum aldri. Markmiðið er að skapa umhverfi þar sem fólk getur bæði notið slökunar og stundað reglulega heilsurækt í nánu samhengi við þá sérstæðu menningu sem sundlaugar á Íslandi standa fyrir.

Ný kennslulaug
Vaxandi samfélag kallar á öfluga innviði og kennslusundlaug er þar mikilvægur liður. Í dag þurfa skólastjórar grunnskólanna að skipta sundtímum sín á milli vegna skorts á rými og getur það jafnframt dregið úr aðgengi almennings að sundaðstöðu á skólatíma.

Þarfragreining hefur farið fram um mat á stækkun núverandi útilaugar við Sundhöll Selfoss og hvort betra sé að byggja nýja laug við Sundhöllina eða við Sunnulækjarskóla, eins og gert var ráð fyrir í upphaflegri hönnun skólans. Niðurstaðan var sú að laug við Sunnulækjarskóla myndi ekki anna þörfum skólans ein og sér. Því var ákveðið að nýta þá innviði sem fyrir eru á sundlaugarsvæðinu á Selfossi.

Lagt er til að byggð verði ný kennslulaug, svipuð núverandi útilaug en breiðari. Hún verður staðsett við suðurenda sundlaugarsvæðisins og gert er ráð fyrir að hún verði 17,5 metrar á breidd og 25 metrar á lengd. Það gefur möguleika á sjö 25 metra brautum eða tíu 17,5 metra brautum.

Samhliða uppbyggingunni þarf að reisa nýjan lagnakjallara með búnaði fyrir lauginu og búningsklefa fyrir eldri nemendur grunnskóla. Þeir yrðu staðsettir sunnan við núverandi útiklefa og með sérinngang af Bankavegi. Framkvæmdatíminn er áætlaður um fjórtán mánuðir og er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist seinni part næsta árs.



Breytingar á aðstöðu saunaklefa við Sundhöll Selfoss



Áætluð uppbygging á lóð Sundhallar Selfoss

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga deiliskipulagsbreytingar:

Tryggvagata 36 – Deiliskipulagsbreyting

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 3.12.2025 til auglýsingar tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lóðar Tryggvagötu 36 á Selfossi. Tillagan var í forkynningu frá 25.9.-17.10.2025. Gerðar hafa verið breytingar á tillögunni frá forkynningu hennar með það að markmiði að bregðast við athugasemdum sem bárust. Gert er ráð fyrir einu 3ja hæða íbúðarhúsi ásamt sorpskýli á lóðinni. Ekki er gert ráð fyrir heimild fyrir kjallara. Þriðja hæð íbúðarhússins skal inndregin, a.m.k. 5 m á norðurhlið og a.m.k. 2 m á aðrar hliðar. Heildarbjólið íbúða í húsinu geta orðið allt að 36 og er gert ráð fyrir samsvarandi fjölda bílastæða innan lóðar. Heildarbyggingarmagn er að hámarki 2.600 m² og nýtingarhlutfall um 0,84.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar:

Miðsvæði M5 og M6 – Óveruleg breyting á aðalskipulagi

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 3.12.2025 tillögu óverulegrar breytingar á aðalskipulagi. Breytingin tekur til miðsvæði M5 og M6 og felst í nánari skilgreiningu á heimildum sem taka til reksturs á miðsvæðum.

Núverandi heimildir gera ráð fyrir eftirfarandi skilmálum:
„Innan reits eru þrjár deiliskipulagsáætlanir í gildi. Gert er ráð fyrir lágreistri íbúðarbyggð á 1-3 hæðum. Heimilt er að vera með verslun- og þjónustu á jarðhæð.“

Eftir breytingu verði skilmálarnir eftirfarandi:

- Innan reits eru þrjár deiliskipulagsáætlanir í gildi. Gert er ráð fyrir lágreistri íbúðarbyggð á 1-3 hæðum. Heimild er fyrir verslunar- og þjónustutengdum rekstri innan svæðisins með eftirfarandi fyrirvörum:
- Gera skal grein fyrir heimildum sem taka til reksturs með ítarlegum hætti innan deiliskipulags og/eða með grenndarkynningu innan hverfisins.
 - Gera skal grein fyrir fullnægjandi fjölda bílastæða.
 - Starfsemi innan hverfisins taki mið af aðliggjandi byggð.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til auglýsingar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is og á www.skipulagsgatt.is. Liður 1 er skipulagstillaga í auglýsingu frá 11. desember 2025, til og með 26. janúar 2026. Liður 2 er tilkynning um niðurstöðu bæjarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67 á Selfossi, eða með tölvupósti á netfangið skipulag@arborg.is. Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 26. janúar 2026. Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Vigfús Þór Hróbjartsson
skipulagsfulltrúi



Rangárfing ytra

Rangárfing ytra óskar þúum og Sunnlendingum öllum gleðilegra jóla og gæfu á nýju ári með þökk fyrir góð samskipti og samvinnu á liðandi



Okkar best óskir um gleði og gæfu um jólin og heillarátt komandi ár.

Jólakveðja,
stelpurnar í Pylsuvagninum



Bláskógarbyggð

Kæru Sunnlendingar!
Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári! Þökkum fyrir góðar stundir á liðnu ári.



ÖLFUS

Sveitarfélagið Ölfus sendir Sunnlendingum öllum bestu óskir um gleðileg jól og farsældir á komandi ári.

Þökunum góðar stundir á árinu sem er að liða.

Friður í hjörtum og virðing í orðum

Aðventan er tími hefða, hlýju og endurnærandi samveru, en hún er einnig tími ihugunar. Við sem búum í íslensku samfélagi megum ekki gleyma því hve mikil forréttindi það eru að búa við öryggi, lýðræði og frelsi. Við vitum að víða um heim búa fjölskyldur við allt aðrar aðstæður; þar sem friður er ekki sjálfgefinn og framtíðin óviss. Það minnir okkur líka á að þakka fyrir það sem við höfum og rækta þá manngæsku sem samfélag okkar byggist á. Oft er það einmitt á aðventunni sem við sýnum okkar bestu hliðar; stöndum saman, hjálpumst að. Það er nefnilega með samtakamætti sem við erum stöndugri og með samvinnu eru okkur allir vegir færir.

Nú þegar við stöndum á þröskuldi jóla vona ég að við getum sameinast um að finna frið í hjörtum okkar og í samskiptum hvert við annað. Með umhyggju, virðingu og samstöðu varðveitum við þau gildi sem gera samfélag okkar sterkt, friðsælt og gott.

Samfélagið okkar er samfélag okkar allra. Við þurfum ekki alltaf að vera sammála um alla hluti, enda væri það óeðlilegt, en við megum ekki hræðast það að koma skoðunum okkar á framfæri, af ötta við t.d. harkaleg viðbrögð á samfélagsmiðlum en þeir miðlar eru líklega eini staðurinn á landinu þar sem teljandi ófriður ríkir. Berum virðingu hvert fyrir öðru, reynum að setja okkur í spor annarra og sýnum sjálfum okkur og öðrum mildi.

Manneskja sem ekki er sammála okkur er ekki slæm manneskja, hún sér hlutina einfaldlega í öðru ljósi en við. Sem getur verið ómetanlegur kostur.

Mig langar að nefna börnin okkar í þessu samhengi. Hér á Suðurlandi eigum við frábæra skóla, fyrir börn á öllum aldri. Ef ég mætti fá eina jólaósk uppfyllta myndi ég óska þess að fjölmiðla- og stjórnmálafólk talaði um börnin okkar af meiri virðingu og yfirvegum. Það að hrópa sífellt á torgum að börnin okkar standi jafnöldrum sínum í öðrum löndum langt að baki á öllum sviðum - og ljóst sé að skólarnir sem þau ganga í séu með öllu ómögulegir - hljómar fyrir mér miklu frekar sem ástæða til að vekja athygli á sjálfum sér; selja smelli á samfélagsmiðlum eða ná sér í atkvæði - fremur en uppbyggileg gagnrýni. Þessi óvægna umræða dynur á börnunum okkar meira og minna alla daga - og er þeim ekki til nokkurs gagns.

Og talandi um börnin okkar: Ný afstaðin Góðgerðavíka Grunnskólans í Hveragerði sló að venju fallegan tón inn í aðventuna. Þar höfum við séð ár eftir ár hvað samtakamátturinn getur gert. Stórar upphæðir hafa þar safnast til góðgerðamála sem börnin hafa sjálf fengið að velja - og þeir peningar hafa örugglega hjálpað mörgum sem hafa átt um sárt að binda. En það að gleðja og styðja við aðra kostar ekki alltaf peninga. Tími, hlý orð, skilningur, útrétt hönd eða bara lítið bros getur svo sannar-



Sandra Sigurðardóttir, oddviti Okkar Hveragerðis og forseti bæjarstjórnar. Mynd: Aðsend.

lega dimmu í dagsljós breytt. Það kostar nefnilega ekki neitt að sýna náungakærleik.

Með þessum orðum langar mig að hvetja okkur öll til að líta í kringum okkur og gleðja fólkið okkar á aðventunni. Samtal og samvera nærir okkur öll. Kæru ungu íbúar Suðurlands: Ég hvet ykkur sérstaklega til að fara í heimsókn til ömmu eða afa, ég veit að bara eitt lítið símtal eða stutt heimsókn myndi gleðja þau mjög.

Að lokum vil ég óska ykkur kæru Sunnlendingar gleðilegra jóla, farsældar á komandi ári og innilegar þakkir fyrir það liðna. Megið þið eiga dýrmætar samverustundir með fólkinu sem ykkur þykir vænt um.

Sandra Sigurðardóttir
Oddviti Okkar Hveragerðis
Forseti bæjarstjórnar

Selfyssingurinn Guðmundur Björgvin Gylfason er sjálfboðaliði ársins 2025 hjá Almannaheillum

Selfyssingurinn Guðmundur Björgvin Gylfason er sjálfboðaliði ársins 2025 hjá Almannaheillum. Guðmundur er formaður stjórnar Einstakra barna, sem eru landssamtök barna með sjaldgæfa og alvarlega sjúkdóma.

Á degi sjálfboðaliðans, sem var 5. desember sl., hittu Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, varaformaður Almannaheilla, og Ingvaldur Sigríðar Jónsdóttir, gjaldkeri Almannaheilla, Guðmund Björgvin og afhentu honum viðurkenningarskjöld Almannaheilla í þakklætisskyni fyrir hans ómetanlega starf í þágu veikra barna og fjölskyldna þeirra.

Guðmundur hefur í 17 ár verið eitt mikilvægasta aflu Einstakra barna - stuðningsfélags barna með sjaldgæfa og alvarlega sjúkdóma. Sem stjórnarformaður hefur hann verið óþreytandi talsmaður, baráttumaður og málsvari barna með sjaldgæfa sjúkdóma og heilkenni. Hann hefur unnið öll þessi ár af einlægni, trú-

mennsku og hjartahlýju.

Guðmundur hefur verið ljós í myrkri fyrir fjölskyldur sem standa frammi fyrir erfiðustu aðstæðum lífs síns og hefur hann reynst ómetanlegur stuðningur fyrir foreldra sem hafa misst börn sín.

Guðmundur mætir á alla viðburði samtakanna, er ávallt

til staðar fyrir félagsmenn og gefur af tíma sínum með opnu hjarta. Með jákvæðni, hlýju og lífsgleði að vopni hefur hann bundið saman samfélag Einstakra barna og skapað umhverfi þar sem fjölskyldur finna fyrir öryggi, stuðningi og samstöðu.



Jón Aðalsteinn Bergsveinsson varaformaður Almannaheillum, Ingvaldur Sigríðar Jónsdóttir gjaldkeri og Guðmundur Björgvin Gylfason, sjálfboðaliði ársins hjá Almannaheillum. Mynd: Aldís Baldursdóttir.

Sjálfboðaliði Suðurlands 2025

Ragna Gunnarsdóttir er sjálfboðaliði Suðurlands árið 2025. Ragna er ein af fjölmörgum sjálfboðaliðum sem voru tilnefnd úr Hestamannafélaginu Sleipni. Það gríðargóða starf sem er unnið hjá félaginu á öllu því góða fólki mikið að þakka.

Ragna hefur verið formaður reiðhallarnefndar til nokkurra ára. Hún ásamt reiðhallarnefnd hafa haft umsjón með eftirliti og almennu viðhaldi á reiðhöllinni. Hún hefur einnig alltaf verið boðin og búin til að hjálpa til við hina ýmsu viðburði hvort sem það sé vegna móta eða annarra viðburða á vegum félagsins.

Dagur sjálfboðaliðans er í dag og var í ár tekið upp á þeirri skemmtilegu nýbreytni hjá Svæðisstöðum íþróttahéraðanna að velja sjálfboðaliða ársins.

Fyrirkomulagið var með þeim hætti að sjálfboðaliðar voru tilnefndir á flestum svæðum og var dregið úr innsendum tilögum.

Með valinu er heiðrað það mikilvæga starf sem sjálfboðaliðar um allt land vinna, en án þeirra væri íþróttastarf víða einfaldlega ekki mögulegt. Sjálfboðaliðar gegna lykilhlutverki og eru ómissandi stoð í starfi íþróttahreyfingarinnar.

Myndin af Rögnu og svæðisfulltrúanum Rakel Magnúsdóttur er tekin í Baldvini og Þorvaldi, fyrirtæki þeirra hjóna Rögnu og Guðmundar Árnasonar, en fyrirtækið hefur stutt myndarlega við íþróttastarfið á Suðurlandi til áratuga.

UMFÍ



Ragna Gunnarsdóttir, sjálfboðaliði Suðurlands 2025 og Rakel Magnúsdóttur svæðisfulltrúi.

Aðventuganga og jólatré í Alviðru laugardag 13. desember

Við undirbúum hátíð ljóssins. Í Alviðru fögnum við aðventunni með göngu út í vetrarrikið, og svo með söng, jólasögu og piparkökum í hlýjunni í gamla bænum. Á Alviðrujörðinni eru víða sjálfsprottin tré sem eiga framtíð sem glæsileg jólatré. Við leitum þeirra í göngunni, fellum og þátttakendur taka þau svo með heim til sín, gegn vægu gjaldi.

Mæting er við gamla Alviðrubæinn kl. 13:00 laugardaginn 13. desember.

Eftir göngu, sem verður um 2 km löng, verður boðið upp á heitt að drekka, piparkök, jólasögu og söng í gamla bæjarhúsinu. Ef við komust í stuð göngum við í kringum! Það gæti verið að jólasveinn kæmi ofan


af Ingólfsfjalli til að heilsa upp á börnin.

Yndisleg jólastemming á undurfögnum stað undir Ingólfsfjalli.

Alviðra er vestan við brúna yfir Sogið við Þrastarlund, um 10 km. norður af Selfossi við vegamót Biskupstungubrautar og Grafningsvegar. Alviðra er friðland, náttúraskóli og útivistarparadís.

Tökum frá laugardag 13. desember, en við reynum 14. desember ef veðurspáin er slæm fyrir laugardaginn. Fylgist með á fésbókarsíðu Alviðru fræðsluseturs Landverndar hvort breyting verður á dagsetningu vegna veðurs.

Stjórn Alviðru





Næstu útgáfur
Dagskrárinnar

Fimmtudaginn
18. desember
Síðasta blað ársins

Fimmtudaginn
8. janúar
Fyrsta blað ársins



*Rangárþing eystra óskar iðúum,
starfsmönnum sveitarfélagsins,
samstarfsaðilum og öðrum
Sunnlendingum gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári*

*Kærar þakkir fyrir gott samstarf
á árinu sem er að líða*



Hotel Rangá

Gleðilega hátíð

Við óskum sunnlendingum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Af félagsbræðrum

„Um þess kjör og aldarfar aðrir hægt sér láta“segir í Íslands minni Matthíasar Jochumssonar – og vísar til þeirra sem í undanlátssmi og þjónkun við ríkjandi valdhafa gera sér flest að góðu sem fyrir þá er borið. Þessi lífs-afstaða hentar vissulega valds-önnum betur en atferli þeirra sem reisa rönd við óheilindum og undirferli, og kallaðir eru fyrir bragðið „skapvondari“ en allur almenningur.

Án þess að hér verði sett upp kennaragleraugu og sett út á stigbreytingu orðsins vondur, er full ástæða til þess að strika undir með rauðu þegar áhrifamenn í ábyrgðarstöðum beita sér persónulega og ómálefnalega gagnvart samborgurum með þeim hætti sem rakið var í nýlegri fjasbókarfærslu, þar sem til umræðu var afar umdeild ákvörðun um flutning heilsugæslunnar í Laugarási – ákvörðun sem kalla má einhliða og tekin var af HSU og sveitarstjórn Ytri-Hrepps. Ákvörðunin varðaði alla upp-sveitahreppana í Árnessýslu, en var tekin án samráðs við þá – og raunar þvert á vilja þeirra og þrátt fyrir yfirlýsta andstöðu við áformin.

Álit nágrannasveitarfélaga

Til sannindamerkis um þá andstöðu og stórlaskað traust eru bókanir sveitarstjórnar Bláskógabyggðar (336. fundur 31. maí 2023 og 363. fundur 3. júlí 2024), og splunkunýjar áskoranir frá tveimur sveitarstjórnunum (nóvember 2025) um að málsmeðferðin verði rannsökuð:

„Sveitarstjórn telur að eina leiðin til að byggja upp traust milli aðila og traust íbúa á Heilbrigðisstofnun Suðurlands sé að utanaðkomandi aðili verði fenginn til að gera úttekt á ferlinu og því hvort faglega hafi verið staðið að málum. Sveitarstjórn beinir því til HSU og viðkomandi ráðuneyta að ráðist verði í slíka úttekt.“ Svo segir orðrétt í einni af þessum bókunum sveitarstjórnar Bláskógabyggðar og undir það tekur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps vafningalaust í sinni bókun. Í téðum bókunum er tekið fram að um sé að ræða samhljóða niðurstöðu sveitarstjórnanna, mótatkvæðalaust.

Félagsbræður?

Þannig hafa sveitarstjórnir nefndra hreppsfélaga skipað sér þétt að baki fjölmenns hóps „skapvondustu“ þegna í upp-sveitum Árnessýslu, að minnsta kosti þeirra sem sveitfesti eiga vestan Hvítar, auk fjölmargra úr öðrum sóknum sem standa munu



Bjarni Þorkelsson. Mynd: Aðsend.

keikir undir þessu sæmdarheiti. Allt er það fólk sem ég hef rætt við um þessi mál bæði hyggið og vinsælt - og vissulega gildir það líka um alla þá sem ég þekki til í Ytri-Hreppi. Það góða hreppsfélag hefur um meira en hundrað ára skeið borið af um marga þá hluti, sem kenndir verða til félags- og félagahyggu og sjálfur er ég alinn upp við djúpa virðingu fyrir þeirri samfélagssýn sem þar hefur löngum ríkt. Þeim mun þyngra og óásættanlegra er höggið, sem hljótast mun af því sem fyrrum sveitarstjórnarmaður hér um slóðir orðaði svo í mín eyru: „Þessi meingjörð HSU og sveitarstjórnar Hrunamannahrepps er sóðalegasta atлага sem til þessa gerð hefur verið að samstarfi uppsveitahreppanna – og verður ekki fyrirgefín.“

Sundurlyndisfjandinn – og skopleg vísa

Matthías Jochumsson lýkur kvæði því, er vitnað var í hér að ofan, með þeirri áskorun að sundurlyndisfjandinn verði sendur út á sextugt djúp. Undir það er vert að taka. En það verður ekki gert með því að þola órétt eða „láta sér hægt“ um málefni líðandi stundar og brýn hagsmunamál af því tagi sem hér hafa verið rakin. Forsenda þess að hið göfuga markmið náist – að losna við fjanda þennan – er að vald-niðsla og undirferli í samstarfi sveitanna víki fyrir lýðræðislegri ákvarðanatöku sem byggja myndi á jafnstöðu sveitanna – og jafnframt að hlustað sé á raddir íbúanna.

P.s. Þótt ekki tengist það beinlínis meginefni pistilsins, get ekki stillt mig um að setja herna neðanmáls vísu Káins- þó ekki væri til annars en að hafa fyrir „rétt“ stigbreytingu.

Góður, betri, bestur
burtu voru reknir.
Illur, verri, verstur
voru aftur teknir.

Bjarni Þorkelsson

Skreytingar sem skapa hátíðarstemningu

Desember er sá mánuður ársins þar sem heimili okkar margra umbreytist með ýmsum skreytingum. Fyrst koma jólin með sínum hlýlegu litum, kertaljósum og notalegum stundum með þeim sem okkur þykir vænt um. En þegar jólahátíðinni líkur og nýtt ár bankar upp á tekur við allt önnur stemning þar sem gleði, glimmer og glamúr stýra fjörunu.

Það sem sam-einar þessar tvær hátíðir desembermánaðar eru hefðirnar, eftirvæntingin og gleðin sem fylgja þeim. Vel útfærðar skreytingar geta dýpkað þessar tilfinningar og aukið bæði spennu og tilhlökkun. Þegar skreytingar eru útfærðar af ástríðu og með persónulegu yfirbragði verður upplifun þeirra sem eru viðstaddir enn minnisstæðari.

Jólin: Hlýleg, persónuleg og með skemmtilegri blöndu af gömlu og nýju

Jólaskreytingar oftast ekki vekja upp einhvers konar tilfinningar. Þær vekja upp minningar, skapa hlýju og tengja okkur við það sem skiptir máli. Fallegar jólaskreytingar byggja oft á því að blanda saman gömlum og nýjum hlutum. Til dæmis arfgengir kertastjakar, gamlar jólakúlur með sögu sem fá að lifa með nútímalegu skrauti.

Það sem er sérstaklega áberandi í jólaskrauti þetta árið að okkar mati er:

- **Vínrauður (burgundy) litur** djúpur, ríkulegur og hlýr. Áberandi í borðrenningum, servíettum og öðru jólaskrauti.
- **Slauður stórar sem litlar** á jólatréð, á servíettum, blómavösum, glösum og sem skraut á borði. Bæði flauel og satín slauður!
- **Perlulengjur** alltaf klassískar. Hægt að nota þær á ýmsa vegu. T.d. Á jólatréð eða á matarborðið.
- **Persónulegt jólaskraut** til dæmis sérmerktar jólakúlur, fallegar sem skraut á jólatréð eða í jólapakkann.

En það sem lyftir jólaborðinu upp á næsta stig að okkar mati er persónuleg nálgun. Nafnspjöld, merkingar eða smáar gjafir á diskunum gera borðið bæði fallegt og vekur athygli.

Áramótin: Því meira og glitrandi, því betra.

Áramótin er sá tími sem fólk almennt finnur fyrir gleði og tilhlökkun. Þetta er hátíðin þar sem við sleppum takinu, leyfum glimmerinu að taka yfir og skreytum „over the top“ án þess að sjá eftir því.



Það sem er sérstaklega áberandi í áramótaskrauti þetta árið að okkar mati er:

- **Diskókúlur** í mismunandi stærðum. Þær skapa skemmtilega partý stemningu.
- **Partý gardínur.** Hægt er að nota þær á ýmsa vegu. Til dæmis hengja í loftin, á blöðrur, í ljósakrónur, á vegg eða klippt þær niður og notað þær sem borðskraut.
- **Glimmer borðrenningar** yfir matarborðið hátíðlegra og að miðpunkti kvöldsins.
- **Annað borðskraut** svo sem confetti, glasamottur, áramótahattar, blástursýlur og þetta klassíska sem fylgir áramótunum.

Gestir fá strax þá tilfinningu um að þeir séu á rétta staðnum til að kveðja gamla árið og fagna því nýja. Það er nákvæmlega tilgangurinn með þessu öllu saman, njóta og hafa gaman saman á áramótunum.

Hvað jólin og áramótin eiga sameiginlegt

Jólin og áramótin eiga margt sameiginlegt þegar kemur að fallegum skreytingum. Það eru nokkur lykilatriði sem vert er að hafa í huga til að ná fram skrautlegu, persónulegu og vel heppnuðu útliti:

Leiktu þér með áferðir

Mismunandi áferðir gefa skreytingum bæði dýpt og áhugaverða sjónræna heild. Ekki hika við að blanda saman ólíkum efnum og prófa þig áfram.

Persónulegt smáatriði skipta máli

Nafnspjöld, merkt skraut eða sérsníðið borðskraut gerir upplifun gesta sérstaka. Þær gefa til kynna að þú hafir lagt þig fram við að skapa einstaka upplifun fyrir hvern og einn. Við hjá Tilefni.is sérmerkjum bæði spjöld, borða og skraut sem gerir borðið þitt einstaklega persónulegt. (Sjá merktu satín borða á mynd)

Hugsaðu um skreytingar sem upplifun

Hátíð er upplifun. Gott er að hafa í huga að fallegar skreytingar geta skapað rammann utan um góða stund og notalegt andrúmsloft.

Við trúum því að skreytingar eru ekki aðeins skraut heldur leið til að segja sögu og skapa þá stemningu sem þú vilt að fólkið þitt beri áfram með sé í minningum. Lykilatriðið er að leyfa þinni persónu að skína í gegn og leika þér með efni, liti og áferð.

Hjá okkur finnur þú þá fallegt skraut fyrir veisluna þína. Endilega kíktu við á Austurveg 9 (neðsta hæð) og við hjálpum þér að finna rétta skrautið fyrir tilfnið þitt.

Hanna Margrét Arnardóttir
og Rakel Guðmundsdóttir,
eigendur Tilefni

www.tilefni.is
www.facebook.com/tilefni.is
www.instagram.com/tilefni.is





Gleðileg jól og farsælt komandi ár

MEÐ KÆRRI ÞÖKK FYRIR GOTT SAMSTARF OG SAMSKIPTI Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA.



FLÓAHREPPUR



Heyrnarþjónustan
Heyrn óskar
Sunnlendingum
gleðilegrar hátíðar,
heyrumst á nýju ári

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

Hlíðasmári 19, 2. hæð • 201 Kópavogi • Sími 534 9600 • heyrn.is



Ljóð vikunnar

ÉG TALA LINNULAUST

Ég tala linnulaust um hárfínan muninn
á konum og trjám, um
töfra jarðarinnar, um land sem
er ekki stimplað í nokkurt vegabréf.

Ég spyr: herrar mínir og frúr,
er jörð mannanna fyrir alla menn,
eins og þið haldið fram? Hvar er þá litli kofinn minn
og hvar er ég? Þingheimur fagnar.

Þrjár sérstakar mínútur, þriggja mínútna frelsi
og viðurkenning... þingið samþykkti
að við snerum aftur heim, eins og öll hænsn og
hross snúa heim til draums úr steini.

Ég heilsa þeim með handabandi, hverjum og einum,
hneigi mig djúpt... og held ferð minni áfram
til annars lands þar sem ég tala um muninn
á loftbólu og rigningu og spyr:
herrar mínir og frúr,
er jörð mannanna fyrir alla menn?

Mahmoud Darwish, Palestínu, 1941-2008

Þór Stefánsson þýddi eftir enskri þýðingu Benaissa Bouhmala
og Germaines Droogenbroodt

úr "Less roses", POINT Editions & Boekenplan 2009

Málverk eftir Biagio Fortini, Ítalíu



Pegar hver hlekkur skiptir máli

– Samvinna nemenda og EKKO-teymis í FSu

Á árinu hefur EKKO-teymi í FSu, í nánú samstarfi við nemendur, unnið markvisst að því að styrkja fræðslu og forvarnir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundnu ofbeldi og ofbeldi (EKKO-málum). Lykilatriðið hefur verið að halda málefnum lifandi í skólasamfélaginu, endurmeta reglulega hvemig við vinnum og tryggja að raddir nemenda heyrist skýrt í þeirri vegferð.

Í stórum skóla með áfangakerfi og um þúsund nemendur í dagskóla getur verið áskorun að ná til breiðs hóps nemenda. Nýttar voru fjölbreyttar leiðir til þess að ná til og virkja nemendur í vinnunni. Unnið var náið með nemendaráði með sér-

stakri áherslu á nálgun í forvörnum. Nemendur í kynjafræðis-áfangamálum voru beðnir um að segja sína skoðun á framsetningu nýs EKKO efnis og lögd var könnun fyrir



alla nemendur þar sem þeir voru beðnir um að segja hvað þeim þætti mikilvægt varðandi góð samskipti. Ein dýrmætasta afurð verkefnisins

undanfarna mánuði voru ummælin sem nemendurnir sjálfir lögðu fram, orð sem minna á að litlu gjörðirnar eru oft þær sem skipta mestu og að öll geta lagt sitt af mörkum til að skapa gott skólasamfélag.

Á degi gegn einelti var tekin stutt knúspáa úr kennslustund þar sem kærleikshringur nemenda og starfsfólks var myndaður utan um gula skólann okkar í nóvemberkuldinum. Knúspáan var táknrænn gjörningur og fállegur vitnisburður um samvinnu þar sem hver hlekkur skiptir máli þegar kemur að jákvæðum samskiptum.

Samanlagt hafa mörg hundruð nemendur komið að EKKO vinnunni undanfarna mánuði með einum eða öðrum hætti og er óhætt að segja að rödd þeirra hafi skilað sér skýrt og af krafti inn í vinnuna.

Ein afurð þessarar samvinnu er nýútkominn EKKO-bæklingur skólans. Bæklingurinn hefur fjölbreytt gildi en auk upplýsinga um forvarnir, áætlanir og stuðning í EKKO-málum er hann hannaður til að nýtast í kennslu og sem umræðugrundvöllur í skólastarfi. Nemendur komu að gerð bæklingins, m.a. með myndskreytingum og eigin setningum um mikilvægi góðra samskipta.

Markmiðið er að „jákvæður nóvember“ verði árleg hefð í skólanum, þar sem forvarnir í EKKO-málum og góð samskipti eru í lykilhlutverki. Að leiðarljósi höfum við orð nemendanna sjálfra: „Það er mikilvægt að við öll, bæði nemendur og starfsfólk, vinnum saman að því að skapa vinsemd og traust í skólanum. Þá verður skólinn betri staður.“

Í EKKO teyminu eru Halla Dröfn félagsráðgjafi FSu og Agnes, Anna Fríða og Bjarney námsráðgjafar skólans



AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur,
Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. Stóra-Mástunga 1 L166603; Efnistökusvæði; Aðalskipulagsbreyting – 2511005

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. nóvember 2025, að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Svæðið sem breytingin nær til er Stóra-Mástunga 1 L166603. Í breytingunni felst að sett er inn ný náma í landi Stóru-Mástungu, á svæði fyrir norðaustan bæinn, þar sem landeigandi hefur tekið lítilsháttar af efni til eigin nota. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Markmið með breytingunni er að heimila allt að 45.000. m³ efnistöku á 2 ha svæði.

2. Syðra-Langholt L172619; Breyttir skilmálar efnistökusvæðis E31; Aðalskipulagsbreyting – 2505033

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. desember 2025, að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 og deiliskipulagi. Í breytingunni felst stækkun á grjótnámu á Syðra-Langholti (efnistökusvæði E31) úr 0,9 ha í 1,3 ha þar sem leyfileg efnistaka verður 138.000 m³ í stað 45.000 m³.

3. Tjaldafell fjallaríki L175568; Fjölgun lóða, auka byggingarheimildir og gistirými; Aðalskipulagsbreyting – 2511039

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 26. nóvember 2025, að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 og gerð nýs deiliskipulags fyrir skálasvæðið við Tjaldfell norðaustan Skjaldbreiðar L175568. Fyrirhugað er að fjölga lóðum, heimila stærri mannvirki og fleiri gesti í gistingu.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

4. Ljósafossskóli L168468; Skilmálabreyting; Aðalskipulagsbreyting – 2403043

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 26. nóvember 2025 að auglýsa breytingu á aðalskipulagi sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Svæðið sem breytingin nær til er við Ljósafossskóla L168468. Í breytingunni felst heimild fyrir aukinni gististarfsemi og uppbyggingu á svæðinu. Samkvæmt núverandi skilmálum aðalskipulags er gert ráð fyrir gistingu fyrir allt að 30 manns á svæðinu. Innan breytingar er gert ráð fyrir gistingu fyrir allt að 100 manns. Gistingin getur verið í ýmskonar húsum og tjöldum.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

5. Hverabakki 2; Skilgreining byggingarreita; Deiliskipulag – 2511002

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. nóvember 2025 að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Hverabakka 2 L166774 í Hrunamannahreppi. Í skipulaginu felst að skilgreindir eru byggingarreitir fyrir núverandi gróðurhús og nýir byggingarreitir fyrir fyrirhugaða stækkun á gróðurhúsum.

6. Ásbergir í landi Ásgarðs; 35 lóðir; Deiliskipulag – 2207015

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 26. nóvember 2025 að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Ásbergja í landi Ásgarðs í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 35 lóðum. Á þeim eru 28 verslunar- og þjónustulóðir og þar af eru 16 byggðar. Á þeim er fyrst og fremst gert ráð fyrir hótél- og veitingarekstri og starfsemi honum tengdum. Á einni lóð er gert ráð fyrir að verði reist baðhús/sauna. Íbúðahúsalóðir á svæðinu eru sex og þar af eru þrjár byggðar. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús með geymslu /bílageymslu og eitt aukahús.

7. Hrafnabjörg; Frístundasvæði; Deiliskipulag – 2511025

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. desember 2025 að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til frístundasvæðis í landi Hrafnabjarga L194595 í Hrunamannahreppi. Í tillögunni felst að skilgreindar eru 34 nýjar lóðir og byggingarreitir innan þeirra þar sem heimilt er að byggja eitt frístundahús, aukahús og kalda geymslu. Deiliskipulag þetta er lagt fram samhliða breytingu á aðalskipulagi fyrir svæðið.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Mál 1 – 3 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 11. desember 2025 með athugasemdarfresti til og með 2. janúar 2026.

Mál 4 – 7 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 11. desember 2025 með athugasemdarfresti til og með 23. janúar 2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is.

Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Sigríður Kristjánsdóttir
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita



Við óskum félagsfólki og fjölskyldum þeirra
ásamt landsmönnum öllum gleðilegra jóla
farsældar og friðar á komandi ári.
Þökkum samskipti liðinna ára.

Bárán, stéttarfélag

HVERAGERÐISBÆR ÓSKAR YKKUR ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLDAR Á KOMANDI ÁRI

Á gamlárskvöld verður áramótabrenna og
flugeldasýning við Breiðumörk ofan Grýluvallar.

Starfsmenn Hveragerðisbæjar
kveikja í brennunni kl. 20:30.
Hjálparseit skáta sér um flugeldasýninguna.

Vinsamlegast athugið að ekki er leyfilegt
að kveikja í flugeldum við brennuna vegna slyshættu.



hveragerdi.is

Gleðilega
hátíð

FIT.IS

FIT
FÉLAG IDN- OG
TÆKNIGREINA

Jólahrossgáta Dagskrárinnar 2025

					Fristundar krossgátur Dagskráin ©	UNDIR HLOÐUM	VANTAR	VATNS- FALL Á MÝRUM	GOTT EDLI	Fristundar krossgátur Dagskráin ©	HJARA	MEIRA HIKANDI	GORTAÐ	SÁ LENGST FRÁ DYR- UNUM
					VAGA					FARM- LAUSI				
					BRUNN- INN KVEIKUR					ÓVISSU EKKI SÉR- MENNTAÐ	4			
					SKRIF- STOFAN	5								
					ÍSKUR				BUNDINS STAF- RÆNN TÍMA- MÆLIR					
					GORTA TÁLBITI						HAFÐI SÆTI HREINSAÐ SKÖGAR- SVÆÐI			
Fristundar krossgátur Dagskráin ©		ÞEKK- INGU	SKJAL- FESTA	ÓHREINK- AÐ	SKÍT- VERKI			MANAÐI ÞÖGGUN						
NAFN KONU					APAR SPRIKLAR								AÐKOMA	KRAFTA- VERKS
ÆFINGA- STÖÐIN							RÚMSJÓ	HÉRAÐ- INU SÁR- KALDA						
MÓTMÆLT MEÐ REIÐI- HLJÓÐI					ERLEND- AR MÆLI- EININGAR ORT			2			KRÓKUR	UTAN VIÐ- BÓTAR- DRASLI		
MEST METNA								ÞOLGÆÐI SAM- RÆMA						
NÝFÆTT BARN				ÞJALIR ÞOR						SKYN- FÆRI ÁLPIST				
FYRIR- HÖFN					LOFUÐ Í HLÓÐAR- ELDHÚSI				HAGUR SPRIKLI					
RÓM- VERSK TALA		RÉTT KOMNU ÚR OFNI	MANNS- NAFN TRÚ- UÐUM			FÓDRUÐ MANNS- NAFN					SVAR YRKIR			
INDÍÁN- ANNA				8			ÞÁTT- TAKA GEISLA- VIRKUR MÁLMAUR						MÆLTUR	KRINGUM- STÆÐUR
ÓNOT- AÐRI						KORN- TEGUND NEÐSTA FLÓT				DANSKAN MANN TIGNARI	3			
TJARA					BÚA TIL GAT STÍF		6		ÓGNAD HEITIN					
HRÚGU				NIÐJA MÚLI	1				MIÐA SAMUR					
ÁTTA Í HLJÓM- SVEIT						FORN- SAGA HEF NOT AF						BARDAGI LANDS- SAMBAND		
HELLIS- OPIÐ							GAMLA TRALL- HLJÓÐ							
KONA SKÁLD- SKAPAR- GUÐSINS						GÓL					DAUFUR KLÍÐUR			
LÆRD			7			LÁGT NES					FRÁ BORGinni BELFAST			

Lausnir berist í síðasta lagi mánudaginn 5. janúar 2026, merktar:
Jólahrossgátan, Dagskráin, Gagnheiði 17, 800 Selfoss

Dregið verður úr réttum svörum og mun einn vinningshafi hljóta
veglegan bókavinning frá Bókaútgáfunni Sæmundi.

Nafn vinningshafa verða birt í Dagskránni 8. janúar 2026 og þá um leið lausn krossgátunnar.



LAUSNARORÐ:

1	2	3	4	5	6	7	8
---	---	---	---	---	---	---	---

Jólaokteilar Hótel Selfoss

Einfalt, hátíðlegt og ómótstæðilegt

Á Hótel Selfossi ríkir ávallt sérstök jólastemning og í ár vilja þau miðla henni enn frekar til Sunnlendinga. Starfsfólkið hefur tekið saman uppskriftir af sínum uppáhalds jólaokteilum sem eru bæði einfaldar og skemmtilegar og fylla heimilið af hátíðarilm og hlýju.



Íslenskt Jólaglögg

Hátíð í glasi

Glögg er án efa jólahesti drykkur sem til er. Ilmurinn af kanil, negul, appelsínuberki og hunangi fyllir húsið og kallar fram minningar um evrópsk jólatorg, kertaljós og kuldestillt vetrarkvöld.

Uppskrift – 3 lítrar

2,55 l rauðvín
150 ml portvín
90 ml Brennivín
60 ml brandí
100 ml mandarínusafi
1,5 msk. jóla-kryddblanda (kanill, kardamomma, anís og engifer)
105 g hunang
120 g sykur

Setjið allt saman í pott, hitið varlega og látið kryddin leggjast vel í drykkinn. Ekki sjóða — það er bæði óþarfi og dregur úr bragðgæðum. Glöggið er best heitt, borið fram með rúsínum og möndlum eða bara alveg hreint.

Jóla-Spritz

Ferskur og fagur

Þegar sýrópi er tilbúið tekur við ein einfaldasta og fallegasta jóladrykkja-uppskriftin:

Uppskrift

30 ml jólasýróp (sjá ramma fyrir neðan)
60 ml Sarti
90 ml Prosecco
7UP til að toppa

1. Setjið ís í stórt vínklas.
2. Hellið sýrópi, Sarti og Prosecco í glasið.
3. Fyllið upp með 7UP og hrærið varlega.
4. Skreytið með hindberjum eða trönu-berjum og grein af rósmarín.

Drykkurinn verður bæði jólarauður og glitrandi — fullkominn fyrir aðventuboð eða hátíðarkvöld.

Eggnog

Óvæntur jólasigurvegari

Við ákváðum að halda í hefðina en samt leyfa okkur að líta aðeins út fyrir landsteinana. Í bandarískum jólamyndum er eggnog ómissandi — og við lofum: hann er miklu betri en fólk býst oft við!

Hann er þykkur, mjúkur, ilmandi og einstaklega hátíðlegur drykkur sem er fullkominn eftir mat eða með litlum jólaökum.

Uppskrift – 1 lítri

6 eggjarauður
100 g sykur
500 ml nýmjólk
250 ml rjómi
120 ml dökk romm (valfrjálst)
1 tsk. vanilludropar
¼ tsk. múskat
Örlítið salt

1. Þeytið eggjarauður og sykur þar til ljóst og létt.
2. Hitið mjólk, rjóma og salt þar til það sýður næstum.
3. Hellið heitri blöndunni varlega í eggjablönduna á meðan þeytt er.
4. Setjið aftur í pott og hitið á lágum hita þar til þykkt eykst (u.þ.b. 80°C).
5. Sigtíð og bætið við vanillu, múskati og rommi.
6. Kælið í minnst 4 klukkustundir.
7. Hrærið fyrir framreiðslu og stráðið örlitlu múskati yfir.

Áfengislaus útgáfa

Skiptið rommi út fyrir 100 ml auka mjólk og bætið örlítið meiri vanillu við.

Blanquito Sexy

Sérkokteill frá yfirbarþjóni Hótel Selfoss

Að lokum viljum við kynna einn af nýjustu og mest spennandi hátíðar-drykkjunum okkar: Blanquito Sexy, hannaður af yfirbarþjóni hótelsins, John Meza. Hann er silkimjúkur og svolítið „sexy“ — alveg eins og nafnið gefur til kynna. Þetta er einfaldur en ótrúlega ljúffengur kokteill sem fer einstaklega vel inn í aðventuna.

Uppskrift

60 ml vodka
30 ml vanillusýróp
90 ml rjómi
Þurrkaðar jarðarberjasneiðar (til skrauts)

1. Setjið vodka, vanillusýróp og rjóma í hristara ásamt klaka.
2. Hristið kröftuglega þar til blandan er vel köld og froðukennd.
3. Hellið í martiniglas í gegnum sigti.
4. Við skreytum þennan með þurrkuðu jarðarberjadufti, en hér hvetjum við til að láta ímyndunaraflið ráða. Eru ekki allir sexy?

Niðurstaðan er ljúfur og eftirrétalíkur kokteill sem sameinar rjóma, vanillu og léttu ávaxtatóna.

Jólasýróp – Leiðin að hinum hátíðlega Spritz

Fyrir jólin mælum við með að gefa Spritz hátíðlegan snúning með okkar jólauppskrift af jóla-trönu-berja sýrópi. Sýrópið er líka frábært í gos, kokteila, heita drykki eða yfir eftirrétti — og liturinn er náttúrulega jólarauður.

Jólarautt sýróp – 1 lítri

500 ml vatn
500 g sykur
2 kanilstangir
6 negulnaglar
4 stjörnuanis
2–3 cm engifer, skorið í sneiðar
Börkur af 1 appelsínu
½ vanillustöng eða 1 tsk vanillu-dropar
15 g hibiscus-blóm
Valfrjálst: 1 g sitrónusýra

1. Hitið vatn í 60–70°C og leysið sykurnið upp.
2. Bætið kryddum, engifer, appelsínuberki og vanillu út í.
3. Bætið hibiscus-blómum við og látið ligga í 15 mínútur við 70–80°C.
4. Leyfið að hvíla í 4 klst. eða yfir nótt.
5. Sigtíð þar til sýrópið er tært og rauðglitrandi.
6. Fyllið á flösku og geymið í kæli (heldur í ca. 2 vikur).

Hannyrðahornið

JÓLAHÚFA GUMMA LITLA

Uppskrift:
Bobbýjardætur / bobby.is

Stærðir	1 -3 ára	4-6 ára	7-10 ára
Höfuðmál	43-47 cm	48-52 cm	53-57 cm
Lengd í cm að úrtöku	14 cm	16 cm	18 cm

Athugið að börn eru mis höfuðstórt og því gott að taka mál áður en hafist er handa.

GARN: Bio Balance frá BC garn, eða það garn sem hentar þrjónfestunni
Garnið fæst hjá Bobby Hveragerði og bobby.is

Stærðir	1-3 ára	4-6 ára	7-10 ára
Garnmagn	50 gr	50 gr	100 gr

Þrjónfesta er 25 lykkjur á 10 cm í sléttu þrjóni á 3,5 mm þrjón

ÞAÐ SEM ÞARF:

Hringþrjóna 3 og 3,5 mm, 40
Sokkaprjóna /crazy trio 3 og 3,5 mm
Stoppunál til að ganga frá endum.

TÆKNIUPPLÝSINGAR :

Húfan er þrjónuð í hring. Fyrst er stroff þrjónað, ein lykkja slétt og ein lykkja brugðin. Stroffið er annað hvort saumað niður eða þrjónað saman svo það verði tvöfalt.
Í lokin er búinn til skúfur og band snúið til að festa skúfinn við húfuna.

UPPSKRIFT:

Fitjið laust upp, 108 – 120 – 132 lykkjur á 3 mm þrjóna og þrjónið eina lykkju slétt og eina lykkju brugðið út umferð, setjið þrjónamerki við upphaf umferðar.

Þrjónið Stroff 10 – 11 – 12 cm (verður 5 – 5,5 – 6 cm). Þrjónið saman stroffið, það er gert þannig: Takið upp lykkjur þar sem fitjað var upp, með auka þrjón, brjótið verkið innaf þannig að lykkjurnar sem teknar voru upp eru fyrir innan, skiptið yfir á þrjón 3,5 mm og þrjónið eina lykkju af hvorum þrjóni alla umferðina með sléttu þrjóni. Þegar húfan er orðin 14 – 16 – 18 cm er byrjað á úrtöku.

ÚRTAKA:

1. Úrtaka *þrjónið 9 – 10 - 11 lykkjur slétt, þrjónið næstu 2 lykkjur saman, (verður 1 lykkja)* Þrjónið áfram eins og sagt er innan stjörnu (*...*).
2. Þrjónið 7 umferðir án úrtöku, slétt.

ATH! Næst þegar tekið er úr er einni lykkju færri á milli úrtaka s.s. í stað 10 lykkja eru 9 lykkjur o.s.frv.
Á milli úrtaka eru alltaf 7 umferðir, takið úr þar til að 12 lykkjur eru eftir. Slítið frá og þræðið bandið í gegnum allar lykkjurnar.

Skúfur:

Það er hægt að nota hvað sem er til að vefja upp garnið í skúfinn t.d. búa til skapalón úr pappa, hér er vídeóslóð af finum skúf: https://youtube.com/shorts/cMOqHhLP25c?si=_V6q_M9w2ICTgExc
Vefjið garninu utan um pappírsörkina þar til óskaðri þykkt er náð. Klippið bandið frá. Þræðið band í nálina og stingið undir vafninginn, hnýtið vel. Fjarlægið af pappírnum og notið annan þráð til þess að binda fast utan um þræðina á öðrum endanum eða gerið snúru (snúa bandið saman) og notið þetta band/snúru líka til að festa við sjálfa húfuna.
Vefjið ca 2 cm frá hnútnum nokkrum sinnum og hnýtið vel. Klippið upp þræðina á endanum sem ekki eru bundnir saman. Gangið vel frá eftir að snúna bandinu sem heldur skúfnum hefur verið komið fyrir á enda húfunnar, festið vel með spottanum. Gangið vel frá endum, ef þið valið var að sauma niður stroffið í staðinn fyrir að þrjóna saman, passið að sauma stroffið ekki of strekkt niður.

Skolið í höndum með ullarsápu og köldu vatni, kreistið vatnið úr og leggið til þerris.



BOBBÝJARDÆTUR
Breiðumörk 13, Hveragerði - Sími 774 2324
info@bobby.is - www.bobby.is



Gufuhlíð bætist í hóp vottaðra vinnustaða

3. desember síðastliðinn tóku eigendur og forsvarsmenn Garðyrkjustöðvarinnar Gufuhlíðar við vottunarstaðfestingu á verkefninu „Í góðu lagi“ sem er nýlegt vottunarkerfi sem sýnir að vinnustaðir fari eftir leikreglum vinnumarkaðarins.

Gufuhlíð í Reykholti er rekin af hjónunum Helga Jakobssyni og Hildi Ósk Sigurðardóttur. Ræktunin í Gufuhlíð er vistvæn og til að mynda eru gúrkurnar ræktaðar í steinull og lífrænum vörnum beitt á plönturnar. Árleg framleiðsla nemur um 1.000 tonn.

Í júlí sl. undirrituðu Sölufélag garðyrkjumannna, Báran stéttarfélag og Framsýn samstarfssamning um vottunarkerfið Í góðu lagi. Merkið sýnir að fyrirtæki fari eftir kjarasamningum og almennum leikreglum vinnumarkaðarins og byggir á trausti, gagnsæi og sanngirni.

Vottunarferlið felur í sér heimsókn á vinnustað og yfirferð á gögnum sem varpa ljósi á starfsaðstæður, ráðningarsamninga, launagreiðslur og réttindi starfsfólks. Verkefnið miðar að því að gera sýnilegt á milli aðila hvaða vinnustaðir fylgja settum leikreglum og styðja þannig við ábyrga atvinnurekendur.

Gufuhlíð er fjórði vinnustaðurinn sem fær vottun samkvæmt kerfinu, á eftir Ártanga í Grímsnesi, Friðheimum í Reykholti og Hveravöllum í Reykjahverfi. Samkomulagið var undirritað af Halldóru S. Sveinsdóttur, formanni Bárunnar, Hildi Ósk Sigurðardóttur fyrir hönd Gufuhlíðar. Kristín Linda Sveinsdóttir markaðsstjóri var viðstödd móttöku vottunarinnar fyrir hönd Sölufélags garðyrkjubænda.

Hljómsveitin Hr. Eydis gefur í jólaábreiðu

Hljómsveitin Hr. Eydis spilaði sl. laugardagskvöld, ALVÖRU '80s JÓLAPARTÝ, á Sviðinu á Selfossi.

Hljómsveitin Hr. Eydis og Erna Hrönn hafa gefið út nýja ábreiðu af laginu Last Christmas en lagið Last Christmas kom einmitt út á þessum degi fyrir 41 ári síðan. Lagið á sem sagt afmæli.

Þetta er eitt af þessum allra stærstu hvað jólalög varðar.

Lagið var samið í febrúar 1984 en kom svo út í desember sama ár. Ein sturluð staðreynd varðandi lagið er að það náði ekki toppsætinu á breska vinsældalistanum árið sem það kom út, en í fyrsta sætinu sat „Do They Know It's Christmas“ sem George Michael söng reyndar líka í. Það var ekki fyrir en árið 2021 sem lagið fór í fyrsta sæti breska listans, en lagið hefur komið þar

við reglubundið í desember því lagið er alltaf svo vinsælt um jólin.

„Myndbandið við lagið var tekið upp á skíðasvæðinu Saas-Fee í Sviss og er alveg ógleymanlegt,“ segir Örlygur Smári söngvari og gítarleikari Hr. Eydis og bætir við, „mig hefur lengi langað að fara þangað á skíði, hver veit nema ég skelli mér í vetur“.



Ekki leitnið en að keyra yfir Helligheitina

Það er ekki lítið að gera hjá Gerði Huld Arinbjarnardóttur, framkvæmdastjóra og fyrirlsara vinsælustu kynlífstækjaverslunarinnar á Íslandi, Blush. Gerður hefur byggt upp Blush frá grunni og hefur hún verið að reka fyrirtækið í 14 ár. Maðurinn hennar, Jakob Fannar Hansen, starfar með henni og saman halda þau utan um vaxandi fyrirtækið samhliða því að sjá um fjölskyldulífið. Á síðasta ári flutti fjölskyldan af höfuðborgarsvæðinu og settist að í nýbyggðu heimili í Hveragerði.

Flutningurinn til Hveragerðis

Það hefur alltaf verið á langtímaplaninu hjá Gerði og Jakobi að flytja til Hveragerðis þar sem Hveragerði er heima-bærinn hans Jakobs. Gerður segir að upprunalega planið hafi verið að flytja til Hveragerðis í ellinni en að svo hafi komið úthlutun á lóðum sem voru í raun staðsettar á þeirra draumastað, þar sem útsýni er við Varmá sem nær alveg upp í Ölfusborgir.

„Mikil nátturuparadís þarna allt í kring, svo planið breyttist fljótt og við ákváðum að slá til að sækja um lóð,“ segir Gerður.

Þau voru svo heppin að fá úthlutaða lóð og þá hófst tveggja ára ferlið að byggja þeirra draumahús. Að sögn Gerðar gekk ferlið afar vel og að þau sakni þess að standa í brasinu sem fylgir að byggja hús.

„Það er nánast allt tilbúið nema garðurinn, en okkur fannst þetta alveg svakalega skemmtilegt, og söknum þess mjög að standa í þessu brasi. Við tölum oft um það að okkur langi að gera þetta aftur einhvern tímann,“ segir Gerður.

Rólegt líf í „sveitinni“

Að aðlaðast nýju bæjarfélagi hefur reynst töluvert auðvelt fyrir Gerði. Hún segir bæjarbúa mjög vinalega og velkomna. Stór kostur við Hveragerði er ekki síður að stór hluti fjölskyldu hans Jakobs búi þar og hann þekkir marga bæjarbúa.

„Ég er sjálf ofsalega sjálfum mér nóg svo ég þarf ekki að hafa mikið af fólki í kringum mig svo lengi sem ég hef fjölskylduna og nokkra vel valda vini.“

Munurinn á lífinu á Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu er mikill að sögn Gerðar. Hún segir að helsti munurinn sé hversu rólegt lífið er í Hveragerði miðað við á höfuðborgarsvæðinu.

„Dagarnir okkar eru mjög rólegir, við vinnum bæði heima svo við þurfum ekki mikið að fara í bæinn sem er algjör lúxus,“ hún viðurkennir að þó að hún sé

aðeins búin að búa í Hveragerði í ár sé hún nú þegar farin að bölvva umferðina og lætin í borginni þegar hún þarf að skreppa í bæinn. Hún segir að á höfuðborgarsvæðinu sé mun meiri hraði, allir að stressa sig og að dagarnir fari oft í að snattast um allan bæ og vera fastur í umferð.

„Ég er mjög heimakær og elska að lifa rólegu lífi, geta vaknað rólega og farið í göngutúr með hundinn í fállegri náttúru, eldað góðan mat og átt notalegt heimili. Þannig þetta „sveitalíf“ hentar mér mjög vel,“ segir Gerður.

Allt hefur þó sína kosti og galla.

„Stærsti ókosturinn er að þurfa að keyra á milli Hveragerðis og Reykjavíkur yfir vetrartímann, ég er ekki hrifin af því að keyra almennt, en að þurfa að fara yfir Heiðina er að ég myndi segja það allra leiðinlegasta sem ég geri á veturna.“

Blush í stöðugum blóma

Blush hefur í gegnum árin tekið miklum breytingum og þróun og er fyrirtækið í stanslausum blóma að sögn Gerðar. Gerður segir árið hafa heilt yfir gengið mjög vel. Það sem stendur helst upp úr hjá henni er góður starfsandi og hið frábæra starfsfólk sem starfar hjá Blush. Henni finnst afar mikilvægt að starfsfólk hafi gaman á vinnustaðnum.

Skemmtilegustu verkefnið að hennar mati eru vörubróun og markaðssetning. „Mér finnst ótrúlega gaman að koma með ný tæki á markað og heyra upplifun viðskiptavina. Ég er líka mjög markaðsþenkjandi og elska að vinna í skapandi herferðum.“

Gerður segir sig og starfsfólk Blush alltaf vera að vinna jafnt og þétt að því að auka eigið vöruúrval. Í dag framleiða þau meðal annars vörur undir merkinu Reset, sem eru langvinsælustu tækin í dag. Blush er einnig sérstaklega þekkt fyrir jóladagatalið sitt sem fer í sölu árlega svo það er aldrei lítið að gera í Blush yfir hátíðirnar.

Það er margt fólk sem velur að gefa unaðsvörur eða undirföt í jólagjöf og segir Gerður desembermánuð vera yfirleitt alltaf annasamasti mánuðurinn hjá Blush. Gerður finnur þó ekki eins fyrir jólaótröðinni eins og hún gerði áður fyrir og eftir tæp 15 ár í rekstrinum er skipulagið yfir hátíðirnar orðið afar gott.

„Maður er endalaust að læra og innleiða nýja verkferla sem gerir þetta betra og betra hvert ár. En ég man alveg eftir desembermánuði þar sem maður hafði nánast geta sofði í vinnunni því það tók

því ekki að fara heim eftir langa daga,“ segir Gerður.

Hvaða vörum mælir þú með í jólapakkann í ár?

„Valor frá Reset er nýr parahringur sem var að koma í sölu og virðist ætla að verða vinsælasta jólagjöfin í ár. En svo er Womanizer-sogtækið alltaf frábær gjöf, falleg hönnun, vandað tæki sem heldur áfram að gefa og geta.“

Elskar að elda yfir jólin

Jólin eru fjölskyldutími hjá Gerði. Hún og fjölskyldan eyða hverjum jolum hjá tengdforeldrum hennar og finnst Gerði það vera orðinn ómissandi þáttur af jólinum hennar ásamt fjölskyldujólaboðinu sem haldið er á jóladag.

„Þar sem allir mæta snemma og fara seint, borða góðan mat, spila, horfa á sjónvarp og eiga notalega samverustund,“ segir Gerður.

Skemmtilegast við jólin er að elda að mati Gerðar.

„Ég elska að elda fyrir fólk. Það nærir mig að halda risa matarboð og elda fyrir fólk, sumum finnst þetta stressandi eða mikil fyrirhöfn, en ég finn bara hvað þetta gefur mér mikið og set það ekki fyrir mig að fá 20 manns í þriggja rétta,“ segir hún en hún er alltaf með á jólaborðinu hinn hefðbundna hamborgarhrygg og meðlæti. Hún segir að mesta nostalgían sé samt sem áður að fá malt og appelsín.

Aðspurð að því hvað hennar eftirminnilegasta jólaminning

sé rifjar Gerður upp jól fyrir nokkrum árum

þar sem bæði hún

og Jakob höfðu

verið á kafi í

vinnu öll jól-

in og enginn

tími gefinn

til þess að

komast í

jólasöfn. Það

var þegar þau

voru að keyra úr

Norðlingaholtinu í

Hveragerði þegar það

byrjaði að falla jóla-

snjó og jólaandinn gjör-

breyttist á einni sekúndu.

„Þá byrjaði þessi sturlað fal-

legi jólasnjór að falla og ég fann

þarna bara hvernig jólaandinn

kom yfir okkur bæði.“

Nýtt ár og ný verkefni

Það er alltaf nóg að gera og

hellingur af hugmyndum og verkefnum sem Gerður er að vinna í fyrir Blush. Til að mynda eru fleiri vörur frá Reset að mæta og svo er á áætlun að koma með smá nýjung á jóladagatalamarkaðinn fyrir næsta ár, en það er enn þá á teikni-borðinu.

„Svo erum við að vinna í skemmtilegu samstarfsverkefni með ofsalega flottu fyrirtæki sem mun vonandi fara í gang í febrúar.“

Í lokin, hvenær á að opna verslun á Suðurlandi?

„Það er mjög góð spurning, það er allavega ekki á plani eins og er. Okkur langar að opna fleiri verslanir og erum með augun opin fyrir húsnæðum á vissum svæðum. Svo hver veit kannski opnar Blush einhvern daginn á Suðurlandi.“

SEG



Hin ómissandi og undursamlega jólastjörnuspá Spássíu 2025

Spássía, góðvinur Dagskrárinnar, mætir að sjálfsögðu aftur með árlegu jólastjörnuspána sína og biður Sunnlendinga nær og fjær að gera ykkar besta til að fara inn í hátíðirnar með gleði, ró og hlýju í hjartanu. Spássía sendir ykkur öllum hlýjar jóla- og nýárskeðjur og vonar að spádómurinn fylgi ykkur inn í hátíðirnar eins og ilmurinn af upphituðu jólaglöggi.



Bogmaðurinn 23. nóvember–22. desember

Kæri bogmaður. Þú ert eins og jólafermónía á tveimur fótum og ferð inn í desember með meiri orku en ætti að vera leyfileg í myrkrunu. Þú ert sá sem hendir í alls konar jólabras, pakkaleiki og uppákomur án þess að spyrja neinn og fólk fylgir þér í blindni, því þú ert bara svo góður í þessu. Þú munt njóta þess að skemmta öðrum en mundu að það er líka í lagi að eiga rólegan morgun með vel smurðu laufabrauði og kertaljósi. Jólin þurfa ekki alltaf að vera með látum. Stundum er nóg að horfa á snjóinn falla og anda djúpt.



Steingeitinn 23. desember–20. janúar

Kæra steingeit. Þú ert burðarásinn í öllum jólaundirbúningi og enginn kann betur en þú að halda haus þegar allt fer til fjandans. Þú ein sérð til þess að allt gangi smurt fyrir sig, án þess þó að þurfa að vera í forgrunninum, þú ert baktjaldavörðurinn sem sér til þess að grípa hina þegar eitthvað bjátar á. En að þessu sinni er gott að muna að það má alveg leyfa hinum að reyna sig, hlutirnir gerast alveg þó þú sért ekki á vakt. Þú mátt alveg slaka á, sitja aðeins lengur með heitan drykk og leyfa öðrum að taka til. Eftir áramót verður nóg af verkefnum, en jólin eiga að vera mjúk.



Vatnsberinn 20. janúar–18. febrúar

Kæri vatnsberi. Þú hefur einstakt lag á að gera jólin öðruvísi og skemmtileg. Þú finnur upp á nýjum hefðum, nýjum mat, nýjum leiðum til að skreyta og fólk er alltaf jafn spennnt að sjá hverju þú tekur upp á hver jóla. Þú munt njóta þess að skapa með fólkinu þínu og sjá jólaljósið endurkastast í augum þeirra sem treysta á þína sköpunargleði. Mundu samt að opna dyrnar fyrir öðrum í ferlinu. Þú þarft ekki að finna upp öll jólin sjálfur. Fólk þitt vill líka leggja sitt af mörkum.



Fiskarnir 19. febrúar–20. mars

Kæri fiskur. Þú ert eins og jólagag á ljúfu hljóðfæri, fullur af hlýju, þolinmæði og fallegum smáatriðum. Þú hefur líklega fönndrað eitthvað fallegt, bakað meira en þú ætlaðir þér og skreytt heimilið með hlýju og músastigum. Það gleður aðra en Spássía minnir þig á að þú mátt líka slaka. Það er ekki þín skylda að vera jólasál allra. Taktu þér smá stund, sestu í mjúkan stól, horfðu á logandi kerti og leyfðu öllum öðrum að klára hitt og þetta á meðan þú bara andar aðeins.



Hrúturinn 21. mars–19. apríl

Kæri hrútur. Þú ræsir jólin af stað af meiri krafti en flestir



ná að fylgja. Þú ert oft sá fyrsti til að kaupa tré, setja upp sérur og draga aðra með þér í jólagleðina. Þú gerir hlutina hratt og af eldmóði og það er ótrúlega heillandi. En í ár er gott að staldra aðeins við áður en þú hleypur áfram í næsta verkefni. Þú mátt alveg vera áhorfandi stundarinnar og njóta þess sem aðrir hafa útbúið. Ekki klára þig alveg við að aðstoða og gera, njóttu heldur kakóbollans.

Nautið 20. apríl–20. maí

Kæra naut. Þú kannt best allra að skapa ró og notalegt andrúmsloft. Þú veist nákvæmlega hvar kertinn eiga að standa og hvaða tónlist á að hljóma í bakgrunni. Þú hefur líklega byrjað að sankna að þér jólagjöfunum í sumar, þegar aðrir voru uppteknir við sólboð og ferðalög. Í ár gætu þó nokkur óvænt augnablik ruglað aðeins í rútínunni þinni. Ekki líta á það sem truflun heldur tækifæri. Smá óreiða getur gert hátíðina fallega, mannlega og minnisstæða.



Tvíburarnir 21. maí–20. júní

Kæri tvíbur. Þú ert gleðigjafi jólanna. Allir vilja fá þig í skötuveisluna því þú kemur með léttleikann, sögurnar og endalaust spjall. Þú ert sá sem nær að gæða lífi í pakkaleiki og gerir jólaboðin skemmtilegri bara með því að mæta. Það er þó gott að muna að þú þarft ekki að vera í öllum boðum eða taka öll hlutverk. Ef þú ferð aðeins hægar



yfir, muntu upplifa jólin sjálf líka, ekki bara vera mennskur jólaglaðningur annarra.

Krabbinn 21. júní–22. júlí

Kæri krabbi. Þú ert jólin í mannsmynd, með kerti, n o s t a l g í u og mýkt. Þú kannt að gera heimilið að öruggu skjóli og fólk upplifir sanna jólagleði í þinni nærveru. Gjafirnar þínar eru vel ígrundaðar og þú nýtur þess að hafa fólk þitt allt saman undir einu þaki. En mundu að þú þarft ekki að vera ábyrgur fyrir öllum jólaundirbúningnum. Þú mátt alveg sitja hjá og fela öðrum eitthvað af þínum verkefnum. Þú átt líka að njóta jóla, ekki bara halda þeim uppi.



Ljónið 23. júlí–22. ágúst

Kæra ljón. Þú kemur með gleði og hlýju inn í desember og fólk fyllist orku þegar þú mætir í jólahlaðborðið eða skötuveisluna. Þú kannt að gera jólin hátíðleg og nýtur þess að gleðja aðra, hvort sem það er með fallegum gjöfum eða óhóflegri framtakssemi. Í ár hvetur Spássía þig þó til að setjast aðeins niður og taka á móti. Þú þarft ekki alltaf að vera að vesenast eða græja eitthvað. Stundum er nóg að leyfa öðrum að dekra við þig og njóta þess að vera mikilvægur hluti af jólinum sjálfum.



Meyjan 23. ágúst–22. september

Kæra meyjja. Þú ert sú sem tryggir að smákökurnar séu allar jafn stórar, að gluggarnir



séu skínandi hreinir og að jóladagatalið sé á sínum stað. Þú kannt vel að gera jólin falleg og fönndrar þér til gleði. En nú er tími til að taka smá frí frá fullkomnuninni. Leyfðu öðrum að skreyta, þó það verði aðeins skakkt og skrítið. Það er hluti af jólinum. Þú munt sjá að þegar þú slakar aðeins á blómstrar hátíðin á nýjan hátt.

Vogin 23. september–22. október

Kæra vog. Þú kemur með jafnvægi inn í desember og það er ómetanlegt. Þú kannt að halda frið og ró í kringum þig, jafnvel þegar stressið svífur í loftinu eins og piparkökulmur. Þú skapar fallega stemningu með litlum smáatriðum sem gera svo mikið og hugsar vel um fólk þitt. Spássía minnir þig þó á að þú þarft líka að halda í þína eigin gleði. Gefðu þér tíma til að setjast í ró, hlusta á jólagag sem þú valdir sjálf og njóta þess sem skiptir þig máli.



Sporðdrekin 23. október–22. nóvember

Kæri sporðdrek. Þú ert jólagaldur, dularfullur og hlýr á sama tíma. Þú velur gjafir af mikilli kostgæfni og hefur einstakt lag á að snerta hjörtu fólks. Þú nýtur þess að skapa djúpar og fallegar stundir í skugga kertaljóss. En Spássía hvetur þig til að leyfa öðrum líka að koma að undirbúningnum. Þú þarft ekki að bera allt, þó þú sért vel fær um það. Líttu á jólin sem sameiginlegt ævintýri, ekki verkefni sem þú átt einn.



Þessi stjörnuspá er ekki byggð á vísindalegum rannsóknum, heldur tilfinningu spákonu á stöðu merkjanna í desember. Engu merkjanna ber skylda til að fylgja ráðum spárinnar en eru eindregið hvött til þess.

Jólapungurinn á Laugalandi

Á Laugalandi býr Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson, kennari, tálgleiðbeinandi og þriggja barna faðir, sem hefur á undanförunum árum vakið sérstaka athygli fyrir bæði óvenjulegar og skemmtilegar tálgaðar jólaafurðir. Bæring kennir við Laugalandsskóla, leiðir námskeið í tálgun og hefur smám saman byggt upp sitt eigið lítið heimaverkstæði þar sem húmor, handverk og saga mætast. Við settumst niður með honum og spurðum út í upprunann, sköpunargleðina og ferlið á bakvið þennan litríka heim tálgsins.

Byrjaði eftir heimsókn frá ömmu sinni og afa

„Ætli það hafi ekki verið sumarið 2018. Björgvin afi minn og Sigrún amma voru í heimsókn í sveitinni og höfðu með sér hnífa og linditrésbúta. Þau höfðu þá verið að tálga í einhvern tíma og leyfðu mér að grípa aðeins í hnífinn og kenndu mér til verka. Þá var ekki aftur snúið! Vikuna eftir var ég búin að fjárfesta í eigin tálguhníf og sá hefur fengið að vinna fyrir kaupinu síðan,” segir Bæring.

Það sem hefur heillað Bæring hvað mest við að tálga er hvað hún veitir honum mikla núvitund og ró. „Það er sérlega ánægjulegt að skapa eitthvað frá grunni og fylgjast með timbrinu umbreytast í eitthvað fallegt í höndunum á manni,” bætir hann við.

Loddaraliðan á háu stigi

Fyrir nokkrum árum bauðst honum að vera með sölubás á adventuhátíð í sveitinni. Fyrir þann tíma hafði hann ekki hvarflað að sér að selja það sem hann bjó til. „Ég var frekar smeykur um viðbrögðin og var ekki viss hvort

nokkur hefði minnst áhuga á að kaupa það sem ég var að skapa. Það læddist að mér loddaraliðan á háu stigi. Til að auka sölulíkur ákvað ég að vera með einhverjar jólatengdar vörur, í bland við fuglana og hvalina sem ég tálgaði, helst eitthvað nægilega krassandi sem gripið gæti athygli fólks þegar það gengi fram hjá básnum mínum,” segir Bæring.

Hugmyndin að jólakúlunum eða „christmas balls“ varð til þarna rétt fyrir adventuhátíðina og tókst honum að tálga út þó nokkurn fjölda. „Sumir urðu hálfvandræðalegir þegar þeir byrjuðu að skoða skrautið aðeins nánar og áttuðu sig á að þeir væru að handleika loðna jólasveinapunga. En svo fór að þeir ruku hreinlega út,” segir Bæring hlæjandi. Í kjölfarið fengu þungarnir svo fleiri tegundir af höfuðfötum; pípuhatta, húfur, hestahjálma, kúrekahatta o.s.frv. Allir með sinn eigin karakter.“

Trump og seinni heimstyrjaldarpungar vöktu athygli

Á adventuhátíðinni í ár kynnti Bæring fólk fyrir nýjustu útgáfunni af „jólakúlunum“ sínum. „Í vetur hef ég verið að fræða nemendur um styrldar- og kreppuárin á fyrri hluta 20. aldar. Því hafa helstu leikendur í seinni heimstyrjöldinni verið mér hugleiknir. Áður en ég vissi af voru þeir Stalín, Hitler og Churchill mættir ljóslifandi fyrir framan mig í formi jólapunga. Svo hefur Donald nokkur Trump verið ansi fyrirferðarmikill í heimsmálunum í ár – og verandi þungurinn sem hann er lá beinast við að útbúa Donald Trump jólapunga einnig.“

Til að það gangi upp að bein-



Mikilvægt er að halda einbeitingu þegar maður tálgar. Ljósmyndir: Erla Berglind.

tengja á þennan hátt jólapunga við ákveðna einstaklinga úr heimssögunni þurfa viðkomandi aðilar að vera með ansi einkennandi höfuðföt/hár, skegg eða fylgihluti. Þannig ná t.a.m. ljósu lokkar Trumps og síða rauða bindið að ramma vel inn manninn í þungnum. „Svo skemmir ekki fyrir að klessa vel af appelsínugulum framan á, svona til að kóróna sköpunarverkið,” segir Bæring glettinn.

Hefur kennt börnum frá 5 ára aldri að tálga

Samkvæmt Bæringi geta allir lært að tálga. Hann hefur kennt börnum allt frá 5 ára aldri réttu tálguþröðin og segir hann það alltaf jafn vinsælt. Það mikilvægasta sem börnin læri við tálgun er að bera virðingu fyrir hnífnum, sýna varúð og beita

réttri tækni. Þannig má forðast óþarfa slys. „Hnífarnir eru vissulega beittir og ef einbeitingin er ekki á réttum stað þá er auðvelt að slasa sig. Öryggið er því númer eitt, tvö og þrjú,” segir Bæring.

Bæring segir engan mun vera á því að kenna börnum og fullorðnum að tálga. „Allir eru byrjendur þegar þeir prófa eitthvað í fyrsta skiptið. Stundum er jafnvel auðveldara að kenna ungum krökkum sem aldrei hafa tálgað áður. Þau hafa ekki komið sér upp slæmum ósiðum og eiga því jafnvel auðveldara með að temja sér rétta tálgutækni. Þá kemur það raunar sjaldnar fyrir að yngri krakkarnir skeri sig óvart í puttana enda fara þau sér hæggar og beita ekki eins miklu afli eins og þeir sem eldri eru.“

Fyrir þá sem vilja byrja að

tálga er fyrsta skrefið að kaupa góðan hníf. Bæring mælir með að fara á námskeið og læra réttu tæknina, bæði við tálgunina sjálfa og svo við umhyrðu á hnífnum. „Að endingu er það einfaldlega æfingin sem skapar meistarann. Ef þú ert að leita þér að skemmtilegu áhugamáli, jafnvel sem fjölskyldan getur átt saman, þá mæli ég sterklega með tálgun,” segir Bæring í lokin.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér verk Bærings nánar er hægt heimasækja Instagram síðuna hans @breidfjord_talgumunir. Bæring á oftast til eitthvað á lager hjá sér en einnig er hægt að senda á hann sérpantanir. „Þess á milli er þetta aðallega skemmtilegt áhugamál.“

BRV



Falleg Lóa.



Adolf Hitler þungur.



Josef Stalín þungur.



Winston Churchill þungur.



Donald Trump þungur.



Jólapungur.



Þungur með matreiðsluhatt.

Ævintýri Á JÓLAÆY

Ógleymanleg veiðiferð
hjónanna á Kiritimati

Hjónin Helen Garðarsdóttir og Jón Stefán Þórðarson, sem eru búsett á Selfossi, fóru ásamt litlum 10 manna hópi Íslendinga í veiðiferð á litlu eyjuna Kiritimati núna sl. október. Þessi ferð, sem hefur verið í undirbúningi í tvö ár, varð loks að veruleika og við hjá Dagskránni kíktum í heimsókn til Helen sem vill svo skemmtilega til að hafa verið eina konan í ferðinni. Helen deildi með okkur ýmsum sögum og upplifunum úr ógleymanlegri ferðinni.

Hvar er Kiritimati-eyjan?

Sumir myndu kalla Kiritimati-eyjuna, „Christmas island“ eða „Jólaey“, vegna þess að framburðurinn á „ti“ í Kiritimati er borið fram sem „s“ á máli íbúa

eyjunnar. Kirismas eyja. Eyjan er staðsett í Eyjaálfu og er um þremur tímum suður frá Hawaii. Eyjan tilheyrir landinu Kiribati og er íbúafjöldinn á eyjunni aðeins um 7500 manns.

Það er svo sannarlega ekkert beint flug frá Íslandi á þessa smáeyju, svo Helen og Nonni, eins og hann er kallaður, gerðu sér ferð til Seattle, þaðan til Hawaii og svo loks þriggja tíma flug á Kiritimati-eyjuna. Hjónin tóku þá ákvörðun að gista þrjár nætur á Hawaii áður en flugið færi til Kiritimati, til þess að venjast ótrúlega tímamismuninum þar sem það er flogið yfir daglínuna. „Þegar maður flýgur til Hawaii þá er maður kominn 10 tímum á eftir íslenskum tíma, svo flugum við frá Hawaii um hádegi í þrjá tíma suður á eyjuna. Þá er

klukkan orðin þrjú, nema allt í einu daginn eftir, því maður flýgur yfir daglínuna. Mjög steikt finnst mér,“ segir Helen.

Veiðin á Kiritimati

Nonni og Helen eru bæði mikið veiðifólk. Á eyjunni er tiltölulega heitt og veiðin því ekkert svipuð þeirri sem við Íslendingar erum vön. Fiskarnir eru til að mynda mun sterkari og stærri. Þau þurftu því að fá alls konar sér búnað í veiðarnar þarna fyrir ferðalagið. „Þetta er allt saman fluguveiði og stangirnar sem við notuðum þarna úti urðu að vera mun sterkari, eins eru öðruvísi línur notaðar. Ef línurnar sem eru notaðar hér á Íslandi væru notaðar þarna úti myndu þær bara verða að gúmmi því það er svo heitt,“ segir Helen.

Hæsti punktur eyjunnar er aðeins í kringum 11 metrar og lítill gróður sem vex á eyjunni svo það er mikill vindur. En Helen segir að þrátt fyrir vindinn hafi samt áður verið heitt og sólin skínandi á hverjum degi. Til að verjast frá sólinni þurftu þau að klæðast sérstökum sólarvarnarfatnaði sem ver húðina frá toppi til táar til að brenna ekki á meðan veiðunum stóð.

Það er alltaf veitt í grunnu vatni í lóninu þarna úti. „Þetta er allt öðruvísi veiði að því leyti að þetta er sjónveiði. Leiðsögumaðurinn er með manni og hann bendir bara þegar hann sér fisk í vatninu og segir „Þarna!“.“ Leiðsögumennirnir eru klárlega vanir því sem þeir gera og á meðan Helen fannst stundum erfitt að rekast á fiskana í ánni fannst leiðsögumönnunum það ekki. „Stundum benti leiðsögumaður-



Veiðibáturinn sem hópurinn ferðaðist á. Mynd: Aðsend.

inn eitthvert í vatnið og ég sá bara engan fisk,“ segir Helen og hlær.

Helen ber saman veiðarnar á Íslandi. „Á Íslandi er maður bara í á og stendur og bíður og kastar svo aftur og færir sig aðeins um stað. Svo þetta var svolítið öðruvísi en maður er vanur.“

Á hverjum morgni klukkan hálf sjö lagði hópurinn af stað í veiðiferð með bát sem gat tekið allt frá hálf tíma upp í klukkutíma. „Svo er maður bara skilinn eftir einhvers staðar og það er svolítið öðruvísi en hérna á Íslandi þar sem maður getur yfirleitt sest niður einhvers staðar, en þarna á eyjunni er maður einhvernvegin bara í hnédjúpu vatni einhvers staðar og ekkert land nálægt þér. Svo beið maður bara eftir að báturinn kæmi og sótti sig í hádegismat.“

Að veiða GT-fisk er eins og að húkka í bíl á ferð

Hópurinn var einnig mikið að vinna með að veiða á bátum sjálfum, að trolla. Þá var línar

lengst ofan í vatninu og þau sjálf með stóru veiðistangirnar. Fiskarnir eru ekki bara sterkir heldur líka ótrúlega fallega bláir. Þá veiddu þau alls kyns fiska, mest túnfisk, sem er helsta fæða íbúanna á eyjunni. Helen segir að oftar en ekki hafi þau sleppt fiskunum sem þau veiddu eða gefið leiðsögumönnunum þá til matar.

GT-fiskurinn eða Giant Trevally er mjög eftirsóttur en það er ekki alltaf auðvelt að grípa hann á stöng. „GT er það sem allir eru að reyna að elta við því þeir geta orðið mjög stórir og fara mjög hratt, þess vegna þarf að vera með góða stöng og sterka línu,“ segir Helen en GT-fiskurinn getur farið allt að 60 km hraða. „Leiðsögumennirnir á bátum lýstu því þannig að ef maður myndi fá einhvern svona stóran á þá væri þetta eins og að húkka í bíl á ferð.“

Auðlind íbúanna á Kiritimati

Gistiheimilið sem hópurinn gisti á var alveg við ströndina og sjóinn. Því sáu Hel-



Helen og Nonni í veiðiferð. Mynd: Aðsend.

en og restin af hópnum oft sjáanleg vinnuskip úti á hafi. „Oft voru þetta alveg þrjú til fimm erlend skip, mikið af þeim frá Kína, og þá koma aðrir tog-arar sem eru búnir að veiða og losa það sem er búið að fiska í vinnuskipin og þetta er bara verkað þarna og fryst og svo fara skipin þegar það er orðið fullt,“ segir Helen.

Helen segir að henni, sem túristi að horfa á sólsetrið við sjóinn, hafi ekki fundist þessi skip eitthvað sérlega heillandi og flott. Helen ákvað svo einn daginn að spyrja einn af leiðsögumönnum hvað honum fyndist um þessi skip, þá sagði hann: „Við erum heppin að hafa þau.“ „Af því þau borga pening til að mega veiða í lóninu og svo fá þau fisk líka. Þannig þetta er eiginlega bara þeirra auðlind.“ Helen segir það ekki heimilt að veiða alla fiska til matar því að íbúar vilji halda upp á veiðimennina.

Einfalt líf á Kiritimati

Aðstæðurnar á eyjunni eru ekkert álíka því sem við Íslendingar erum vanir. Helen segir það hafa verið smá menningarsjokk þó svo að þau vissu alveg hvað þau væru að fara út í. „Gistingin var mjög fábrotin, allt hreint og fínt sko, en bara allt öðruvísi því sem við erum vön,“ segir Helen. Helen segir sér hafa fundist gístiaðstaðan mjög áhugaverð og svo að sjálfsöğðu venst allt með tímanum.

Netengingin og símasamband þarna á eyjunni var lítil sem engin. „Ég ætlaði kannski að senda einhverja mynd eða eitthvað á Messenger og svo allt í einu var maður ekki með net. Og netið kom kannski ekki fyrr en daginn eftir. Það var bara þetta smá net þarna á gístistaðnum en fyrir utan það var ekkert símasamband og ekkert netsamband,“ Helen segir það hafa verið smá skrítna upplifun en fínt að vera ekki alltaf í áreitinu sem fylgir því að vera á netinu. „Ég er í háskólanum í talmeinafræði og ætlaði þarna á útlöndum að klára nokkur námskeið sem ég þurfti að klára áður en ég færi í námið... gleymdu því, það var ekki séns að komast á netið.“

„Við vorum einmitt að tala um það að það mætti alveg vera



Hefðbundið heimili þarna á eyjunni. Upphækkaði hluti hússins á vinstri hönd er svefnherbergi. Mynd: Aðsend.

með gervihnattasíma eða talstöð þarna á bátunum í neyðartilvikum ef eitthvað skyldi koma upp á. Það var svolítið skrítið að vera þarna svolítið sambandslaus,“ bætir Helen við.

Óhefðbundnar samgöngur

Helen furðaði sig hvað mest á samgöngunum á eyjunni. Bílarnir sem þau ferðuðust á voru hálfgerðir pallbílur sem búið var að setja bekkir ofan á til að sitja á. „Það var mjög hart að sitja á þessu og vegirnir alveg hræðilegir,“ segir Helen. Á þessum pallbílum voru að sjálfsöğðu engin belti til að spenna sig og þetta var vissulega ekki mjög öruggur ferðamáti.

Einn daginn var hópurinn um borð í pallbílnum að keyra þegar þau mæta öðrum pallbíl fullum af krökkum sitjandi á bekkjunum. Veiðihópurinn forvinaðist um hvað þetta gæti eiginlega verið og hvert þessir krakkar væru eiginlega að fara. „Svo fer ég einu sinni ein út að labba einn daginn og þá fattaði ég hvað þetta var,“ segir Helen. Hún labbaði fram hjá litlu strætóskilti sem var búið að hengja á stórt tré. „Ég labba fram hjá og þar er fullt af krökkum þarna að bíða. Ég labbaði bara áfram og stuttu seinna keyrðu þau fram hjá mér öll á pallbílnum. Þá var þetta bara strætóinn sem við höfðum séð keyra fram hjá okkur um daginn.“

Fiskur í öll mál

Á eyjunni er lítið hægt að rækta. Jarðvegurinn er mjög gljúpur og

saltur að það þrífst ekki hvað sem er á eyjunni. Svo mest allt er innflutt á eyjuna. Helen lýsti því sem fyndnri upplifun að fara í matvöruverslun þarna. „Maður sá eiginlega enga ferskvöru, þetta var aðallega bara hilluvara, dósamatur og grjón,“ segir Helen.

Því var mataræðið fábrotið og einfalt, eins og svo margt annað þarna á eyjunni. „Það var alltaf fiskur í öll mál, en það var yfirleitt hægt að velja. Það voru alltaf hrísgrjón, alltaf túnfiskur sem var mismunandi matreiddur og svo var alltaf einhver kjúklingapottréttur,“ segir Helen. Það mátti hins vegar ekkert sjá af grænmeti. Helen átti ekkert í erfiðleikum með að venjast mataræðinu enda búin að undirbúa sig í allt.

Sunnudagsmessa meðal heimamanna

Eitt sunnudagskvöldið ákvað hópurinn að skella sér í messu til að prófa að upplifa þeirra hefðbundnu messuferð. Hópurinn lætur konu á gistiheimilinu vita og hún vísar þeim leiðina hvert þau eiga að fara. „Við leggjum af stað, ég er bara í einhverjum stuttbuxum, og svo koma konurnar af gistiheimilinu hlaupandi á eftir mér með eitthvað svona pils til að binda utan um mig svo ég væri skynsamlega klædd í kirkju. Ég fattaði ekkert að fólk klæddist einhverjum ákveðnum fötum fyrir messu,“ segir Helen hlægjandi. Þá var helsti klæðaburður kvenna í messunni sérstök pils



Kirkjan sem hópurinn fór í messu í. Mynd: Aðsend.

og svo voru margir hvítklæddir að ofan.

Í messunni biðu þeirra hlýjar móttökur og Helen segir þau hafa verið innilega velkomin. Það var greinilega búið að láta fólk í bænum vita að hópurinn væri að fara að koma í messu því það var búið að stilla upp litlum skjávarpa með enskum texta sem spilaði yfir alla messuna. „Það var svo gaman að sjá litlu börnin. Þau voru furðulostin að spyrja hvaða fólk þetta væri og svo snéru þau sér við í sætunum og horfðu á okkur. Það eru greinilega ekki margir túristar á þessari eyju,“ segir Helen.

Veiðisagan hans Nonna

Helen missti því miður af eftirminnilegustu upplifun ferðarinnar. Það var á síðasta deginum sem Helen ákvað að fara ekki með út að veiða. Þeir mennirnir leggja af stað út í lónið og ákveða að trola bara á bátnum. Þeir voru fjórir með stangir út í og það er ekkert að gerast þegar svo allt í einu eftir einhvern tíma kengbogna allar stangir á sama tíma.

Eftir einhvern tíma voru þeir allir búnir að draga inn stangirnar sínar nema Nonni. Þetta var greinilega stór fiskur. Nonni hefur aldrei tekið svona fast á fiski áður og var hann farinn að halda að stöngin myndi brota í tvennt. Loks fer fiskurinn að láta sjá sig og er kominn tiltölulega nálægt bátnum þegar skyndilega verður fiskurinn alveg brjáláður og fer að synda á flegiferð út um allt.

Þá allt í einu sést einhver

skuggi í vatninu. Þá var það hákarl sem étur fiskinn sem var á stönginni hans Nonna og klippti á línuna. Leiðsögumennirnir á bátnum vildu meina að þetta hefði verið hákarl sem var um þrír metrar á lengd. „Þetta var alveg finnr fiskur og sá sterkasti sem Nonni hefur veitt á æfinni, og Nonni hefur veitt mikið á æfinni. Hákarlinn bara gleipti hann!“ segir Helen hlægjandi og bætir svo við, „Nonni sagði líka: Það á enginn eftir að trúa þessu!“

Lærir þakklæti fyrir allt sem maður á

Helen segir að það sem hafi skilað sér heim með henni er þakklætið fyrir það hvað maður hefur það gott heima á Íslandi. „Við getum til dæmis drukkið vatnið úr krananum. Svo er maður einhvern veginn alltaf að vorkenna sjálfum sér.“

Helen finnst ótrúlegt hvað fólkíð þarna er nægusamt en það kannski þekkir ekki neitt annað. „Svo það er ágætt að minna sig á hvað við erum heppin.“

Allt í allt var þetta algjör upplifun hjá Helen og Nonna sem mun seint gleymast og það sem stendur upp úr hjá Helen er að vera einungis umkringd náttúrunni á meðan hún var að veiða. Engin hús, ekkert fólk. Bara náttúran. „Það kannski stendur svolítið upp úr, því þetta er svo allt annað en maður er vanur,“ segir Helen að lokum.

SEG



Helen nýbúin að veiða fisk. Hér sjást sólvarnarfötin sem þau þurftu að veiða í til að verjast frá sólinni. Mynd: Aðsend.



Pallbílinn sem veiðihópurinn ferðaðist um á. Við þakið á bílnum má sjá göt sitthvoru megin á hliðunum þar sem veiðistangirnar voru geymdar þegar bíllinn var á ferð. Mynd: Aðsend.



Gistiheimilið að utan sem hópurinn gisti á. Mynd: Aðsend.

Jóla
myndagáta
Dagskrárinna

Lausnir berist í síðasta lagi
mánudaginn 5. janúar 2026, merktar:

Jóla-myndagáta

Dagskráin, Gagnheiði 17, 800 Selfoss


Veitt verða ein verðlaun fyrir rétta lausn:
Ísveisla frá Kjörís, þ.e. konfektisterta,
4 lítra mjúkis og 2 pk. íspinnar.

Nöfn vinningshafa verða birt í
Dagskránni 8. janúar 2026 og þá
um leið lausn myndagátunnar.



Ath! Gerður er greinarmunur á breiðum og grönnum sérhljóðum.

Höfundur myndagátnanna er
Eygló Gränz, eins og undanfarin 29 ár.



Skrifið lausn gátunnar hér:

Vill að fólk fari heim með góða skapið



Árið hefur verið viðburðaríkt hjá Daða Frey tónlistarmanni. Daði hefur síðustu mánuði verið á ferð og flugi, er nýlega kominn heim frá tónleikaferðalagi um Evrópu en er nú kominn heim á nýjar heimaslóðir. Hann og fjölskyldan hafa nýlega á árinu flutt frá Þýskalandi til Hveragerðis. Nú á næstu dögum er Daði að halda jólatónleikanna Þegar Daði stal jólonum.

Gott að spila á heimaslóðum

Daði hefur farið víða að syngja og spila, haldið fjóra tónleika í Bandaríkjunum og núna í haust var hann á Evróputúr.

Evróputúrin spannaði sex vikur eða frá september í október og hélt hann samtals 31 tónleika. Daði segist hafa notið Berlínar sérstaklega, borgarinnar sem hann bjó í 11 ár áður en hann fluttist aftur til Íslands.

„Berlín var skemmtileg... það kom rosa mikið af liði sem við þekkjum þar. Svo leigðum við stað þar sem ég spilaði á og var með party eftir á sem var mjög skemmtilegt.“ Hann hlær og bætir við í gríni: „Mikið af Íslendingum sem komu, kannski tveir þjódverjar.“

Daði segir að tónleikalega séð sé ekki mikill munur á að spila í Evrópu og Bandaríkjunum. „Sýningin og fólkið sem kemur er allt voða svipað, en það er allt annað að vera í Bandaríkjunum.“

Daði lýsir því hversu auðvelt sé að villast inn á kaffihús á röltinu í einhverri borg í Evrópu, en í Bandaríkjunum væri mestmegnis bara tekið leigubíl. Hann tekur þó fram að stórborgir í Bandaríkjunum eins og New York séu undantekning. „Mér finnst New York og LA mjög skemmtilegir staðir. Það er gaman að labba um þar. Mér finnst í hvert skipti sem ég kem til LA einhver ný tækifæri koma, það

er alltaf eitthvað að gerast þar,“ segir Daði.

Sköpunarferlið

Daði segir sig missa öll tök á að semja þegar hann er á tónleikaferðalagi. „Ég ákvað það eiginlega á síðasta Evróputúr að sætta mig við það að það er bara svoleiðis. Ég ætla ekki að reyna einu sinni.“

Hann viðurkennir að áður fyrr hafi hann reynt að fara inn í túrana með stórar væntingar um að koma heim með fullt farteskið af nýju efni. En raunveruleikinn er sá að túrarnir eru líkamlega krefjandi. „Á síðasta Evróputúr voru 31 tónleikar... ef ég hefði unnið eitthvað í nýjum lögum líka hefði ég bara sprungið sko,“ segir Daði. Hann segist honum finnast mun betra að semja heima og hann fá mun fleiri hugmyndir.

Daði segir það vera erfiðara að vera alltaf á tónleikaferðalagi eftir að hann eignaðist tvær dætur sínar. Hann segir að mesta áskorunin í þessum bransa sé að vera að heiman.

„Ef ég væri ekki með fjölskyldu og börn þá hugsa ég að ég gæti bara verið að túra alltaf. Árný kemur reyndar stundum með í ferð. Hún kom núna í viku af þessum sex vikum sem ég var að túra í Evrópu.“

Þegar Daði stal jólonum

Jólatónleikarnir Þegar Daði stal jólonum hafa verið í fullum undirbúningi upp á síðkastið. Tónleikarnir eru 19. desember næstkomandi og eru haldnir í Gamla Bíói og hafa nú þegar verið haldnir á Akureyri á Græna hattinum 6. desember sl.. Daði er mjög spenntur og rifjar upp fyrsta árið sem hann hélt jólatónleika.

Daði hélt fyrst jólatónleika árið 2019. Á tímanum var Daði sífellt á fullu að gera ábreiður á lögum og fór að vinna meira

með að gera ábreiðu á jóla-lögum. Þegar Daði stal jólonum voru svo haldnir í fyrra og snúa aftur í ár. Í ár stefnir Daði á að hafa jólatónleikana í svipuðum stíl og í fyrra en ætlar að bæta við aðeins meira af sínum eigin lögum.

Gestir á jólatónleikunum hans Daða mega ekki búast við kertaljósi og kósýheit. Markmið Daða er að reyna að mynda sömu stemningu og var í fyrra á jólatónleikunum en hann segir sig sjálfan ekki hafa búist við svona mikilli stemningu. „Þetta er bara sveitt djamm,“ segir Daði. Hann vill að fólk dansi og hafi gaman og komi ánæggt heim af tónleikunum. „Ég vil bara að fólk sé í góðum filing og fari heim af tónleikunum og hugsi hvað þetta var gaman.“

Við hverju má búast á tónleikunum?

„Það má búast við mér og það má búast við því að það verði spiluð jólalög og að ég syngi þau en síðast en ekki síst má búast við risa partyi.“

Frá Berlín til Hveragerðis

Daði og Árný fluttu síðastliðið vor til Hveragerðis eftir 11 ára búsetu í Berlín. Ákvörðunin snerist bæði um skólagöngu eldri dótturinnar og hvenær best væri að setjast að.

„Við ákváðum að flytja ekki beint inn í veturinn heldur að flytja í byrjun sumars og koma okkur aðeins fyrir fyrir veturinn,“ segir Daði. „Ég er mjög fegin núna að við gerðum það því það er orðið alveg grátt og dimmt á þessu landi núna. Þetta

er fyrsti veturinn okkar hérna í 11 ár og maður finnur fyrir því.“ Hann segir sig og fjölskylduna vera að fíla Hveragerði vel. „Hveragerði er mjög þægileg staðsetning og það er einhver sjarmi yfir bænum,“ segir hann.

Í þau ár sem Daði og Árný bjuggu erlendis, héldu þau yfirleitt alltaf jólin hérna heima á Íslandi. Það var þó eitt árið sem þau héldu jólin úti í Berlín. Hann segir að helsti munurinn á jólonum úti í Berlín og á Íslandi hafi verið hvað allt var mikið rólegra úti í Berlín heldur en hérna heima. „Flestir vinir okkar í Berlín voru ekki þaðan, heldur annað hvort Íslendingar eða frá öðrum löndum í Evrópu eða frá Bandaríkjunum. En þessi jól voru þau farin heim svo það var rosa mikið bara við,“ segir Daði. „Það var mjög mikið bara næs og heima í kósý úti í Berlín, á meðan hérna á Íslandi er svo brjáláð að gera um hátíðirnar og allir svo stressaðir.“

Aðspurður út í jólahefðir segir Daði sig halda upp á mjög hefðbundin jól. Þar sem fjölskyldan er að byrja núna að halda upp á jólin sjálf, efast Daði ekki um að jólahefðirnar hjá þeim eigi eftir að mótast. Hann segist þó alltaf hafa verið með Ris a la mande möndlugraut á jólonum og finnst honum það alltaf mjög hátíðlegt. „Ég veit ekki hvort það sé eitthvað sem fólk gerir ennþá, ég held að þetta komi frá Danmörku, ég ólst upp þar eða þar til ég var 9 ára og það er kannski einhver dönsk hefð sem ég er að vinna með.“

Föst á bát í þrjá tíma

Daði rifjar upp jólin í fyrra á Íslandi sem voru heldur eftirminnileg þegar þau fjölskyldan ætluðu að halda jólin í Flatey. Veðrið var ekki að gera þeim gott og það var spurning hvort báturinn myndi fara yfir höfuð. Þau ákváðu samt að láta á reyna án þess að vita hvort að báturinn kæmist í land. „Þeir voru ekki vissir um hvort þeir ætluðu að fara í land fyrr en við vorum bara komin fyrir utan Flatey. Við vorum komin hálfa leið með Baldri en það var svo vont í sjóinn að við þurftum að snúa við. Þannig við fórum bara svona í hring. Við þurftum að fara áfram yfir Brjánslæk og koma svo aftur til baka niður á Stykkishólm, svo við vorum alveg í einhverja þrjá klukkutíma í þessum bát, það var ekki næs,“ segir Daði og hlær.

Hvað næst?

Þrátt fyrir fullan undirbúning á jólatónleikum hefur Daði verið á fullu að semja í vetur. Hann er búinn að semja nýja plötu sem hann stefnir á að gefa út næsta vor. Platan sem mun heita Too much not enough inniheldur tólf lög.

„Ég er búinn með hana og búinn að fara með hana úr masteringu,“ segir Daði.

Það eina sem stendur eftir er að taka myndir og tónlistarmyndbönd fyrir plötuna.

Ef allar áætlanir ganga upp stefnir Daði einnig á að fara á nýjan túr á næsta ári að þessu sinni til Bandaríkjanna. *SEG*



Sunnlendingar í jólasþingi

Ívar Dagur Sævarsson

Jólin koma þegar...

pabbi biður um aðstoð við að hengja upp úti-jólaþjósinn. Ég hef ekki orðið að þeirri bön öll mín ár.



Hver er uppáhalds jólaminn- ingin?

Fyrir þó nokkrum árum lá ég andvaka á Þorláksmessu, aðfaranótt aðfangadags og fann mig knúinn til að sæfa mig með því að hlusta á tónlist. Fyrir valinu varð lagið Money for nothing með Dire Straits. Lagið leiddi mig til ljúfs svefs sem leiddi til orkumikils Aðfangadags. Annars verða mér alltaf minnisstæð hver jól þar sem ég fæ að setja saman LEGO. Hvort sem það er fyrir mig eða fjölskylduna.

Hvað er á jólaborðinu? Hamborgarhryggur, brúnaðar kartöflur, grænar baunir, malt og appelsín. Mamma fær sér ananas. Ég læt það vera.

Uppáhalds jólamynd? Ég legg það ekkert endilega í vana minn að horfa á margar jólamyndir hver jól. Myndin Elf með Will Ferrel þykir mér góð sem og gömlu Disney teiknimyndirnar. Þær gefa manni smá sól í hjarta í myrkri desembermánaðar.

Uppáhalds jólasveinn? Þeir eru nokkrir sem koma til greina, en fleiri sem koma ekki til greina. Ég vorkenni þeim flestum þar sem þeir virðast allir vera furðufuglar upp til hópa. Ætli ég tengi ekki mest við Gáttaþef, sælkeri með gott nef. Spurning hvort hann sé með gott eyra?

Svanhildur Ólafsdóttir

Jólin koma þegar...

allir krakkarnir mínir eru komnir heim, hangikjötslyktin liggur yfir húsinu, Frostrósir hljóma í hátalaranum og jóla-aspassúpan kraumar í pottinum.



Hver er uppáhalds jólaminningin? Ég á margar góðar jólaminningar og finnst samvera með fjölskyldunni skipta öllu máli á jólnum. Tvö uppáhalds jólin mín sem geyma dásamlegar minningar voru þegar við fjölskyldan vorum í bústað um jólin. Allt á kafi í snjó, algjör kyrrð, samvera, spilað, slökun og ekkert stress.

Hvað er á jólaborðinu? Ég er alin upp við uppþakkaða jóla-aspassúpu sem mamma gerði alltaf og er minn allra uppáhalds matur. Súpan er alltaf í forrétt hjá okkur á aðfangadag og svo borðum við hamborgarahrygg og fáum okkur konfekt ístertu í eftirrétt.

Uppáhalds jólamynd? Ég á í rauninni enga uppáhalds jólamynd en horfi gjarnan á drama og rómantískar myndir og finnst The Holiday alveg eldast vel.

Uppáhalds jólasveinn? Þegar ég var krakki þá var kertasníkir alltaf í uppáhaldi af því hann laumaði oft einhverju aðeins meira í skóinn heldur en bræður hans. Hann virðist hafa haldið þeirri venju áfram og enn fá allir í fjölskyldunni í skóinn frá honum.

Heiðrún Kristmundsdóttir

Jólin koma þegar....

„Mamma“ með Björgvin Halldórs kemur á fóninn, helst þegar ég stend inni í eldhúsi og niðurtalning til jóla er hafin í klukkustundum. Það er svo kannski Kertasníkir sem kemur með loka jólahnykkinn á mínu heimili því hann gefur öllum í skóinn! Sníðugur snáði sá og vel upp alinn.



Hver er uppáhalds jólaminningin? Frá því að ég flutti til Bandaríkjanna 17 ára hef ég aldrei haldið jólin á sama stað tvö ár í röð, sjaldan í sama landi eða með sama fólkinu. En í ár erum við í fyrsta skipti að halda jólin á sama stað, tvö ár í röð og það heima á Selfossi.

Það eru samt töfrar að upplifa jólin með krökkunum, verandi gríðarlega mikið jólabarn sjálf. Jólaminningar með þeim fara að standa upp úr með hverju árinu.

Ég verð samt að fá að segja frá einni minningu frá því ég var yngri. Þá setti Gulli bróðir, sem var þá nemi í stjórnmálafræði, þá reglu að þeir sem ræddu pólitík yfir hamborgarhryggnum ættu að setja upp trúðsnef. Afí minn heitinn, og nafni hans, hafði mikið gaman af því að æsa og stríða. Það leið því ekki á löngu þar til allir við borðið voru komnir með rautt trúðsnef á aðfangadagskvöld - meira að segja langamma Jóhanna!

Hvað er á jólaborðinu? Í forrétt er jóla-lax sem við fáum heimsendan frá tengdaforeldrum mínum á aðfangadag. Eða, er það ekki annars elsku Steinar minn? Svo er það gamli góði hamborgarhryggurinn í aðalrétt, sykurbrúnaðar kartöflur, tartalettur, kokteílávaxtasalat, ananas- og gulu baunasalat og sósan sem veldur kvíðakasti ár hvert. Í fyrri eftirrétt er heimatilbúinn Toblerone-ís með heitri sósu og svo er það kaka í seinni eftirrétt.

Uppáhalds jólamynd? Má svara hérna NBA Christmas Day leikirnir? Annars er líklegast er Home Alone að eignast þennan titil þar sem krakkarnir eru að verða nógu gömul til að hafa gaman að henni. Sérstaka tilnefningu fá samt Lord of the Rings myndirnar.

Uppáhalds jólasveinninn? Stúfur, af því hann er þriðji í röðinni og minnstur af sínum systkinum - og pottþétt í mestu uppáhaldi hjá foreldrum sínum - alveg eins og ég!

Davíð Lúther Sigurðarson

Jólin koma þegar....

Linda mín byrjar að elda rauðkálíð.



Hver er uppáhalds jólaminningin?

Ætli það séu ekki þegar börnin okkar höfðu vit á að opna jólapakkana og svipurinn þeirra bræddi mann.

Hvað er á jólaborðinu? Það er ekki ákveðið, við verðum erlendis og það kemur bara í ljós hvað við finnum í næstu verslun.

Uppáhalds jólamynd? Home Alone er alltaf skemmtileg, bæði þegar ég var sjálfur krakki og í dag að horfa á með börnunum mínum.

Uppáhalds jólasveinninn? Stúfur hefur alltaf verið í uppáhaldi þar sem við erum ekki ósvipaðir í stærð.

Ösp Viðarsdóttir

Jólin koma þegar... 18.

desember er liðinn. Ég á afmæli þá og finnst ekkert gaman að ihuga jólin mikið fyrr þótt ég neyðist til þess barnanna vegna. Svo er ómissandi að fara í Bolholtsskóg á Rangárvöllum að höggva jólatré en það gerum við á hverju ári. Skógræktarfélag Rangæinga verður með árlega jólatréjásölu þar 14. desember fyrir áhugasama.



Hver er uppáhalds jólaminningin? Rólegheit æskujólanna, ekkert jólastress eða læti. Við mæðgur að sauma dúk undir jólatréð og þegar pabbi dró alltaf fram víðjólélina um hver jól til að festa okkur á filmu.

Hvað er á jólaborðinu? Undanfarin ár höfum við verið með dádýrslund, hasselback-kartöflur og heimsins bestu sósu sem maðurinn minn gerir á aðfangadag. Á jóladag er svo alvöru birkireykt hangilæri með öllu tilheyrandi hjá mömmu og pabba. Í ár verðum við erlendis og alveg óljóst hvað verður í jólamatin.

Uppáhalds jólamynd? Sko, kannski ekki hefðbundin jólamynd en mér finnst Lord of the Rings-myndirnar vera jólamyndir því þær voru alltaf frumsýndar um jólin. Þær eru í uppáhaldi.

Uppáhalds jólasveinninn? Hurðaskellir, því hann kemur á afmælinu mínu og er algjör þakkari.

Rakel Magnúsdóttir

Jólin koma þegar....

ég horfi stolt á 9. og 10. bekkinga í Grunnskólanum í Hveragerði sýna jóladansana sína á Litlu jólu GÍH, eftir strangar dansæfingar í desember. Þetta er eintóm gleði og gæðahúð.



Hver er uppáhalds jólaminningin? Ein af uppáhalds jólaminningunum mínum er þegar öll MAGG fjölskyldan var saman á aðfangadegi jóla og það myndaðist svona Eat, pray, love stemning. Við vorum í Kópavogi hjá Stebba bróður og Orginallinn (Maggi Stef) ætlaði að djúpteikja heilan kalkún hana handa öllu liðinu - alls 17 mathákar.

Þegar klukkan var að nálgast 17:00 og yngri kynslóðin orðin óróleg var ákveðið að skipta liði. Þeir sem vildu fara með ungana í kirkju áttu að gera það - hin sem eftir voru ætluðu að klára að græja matinn. Ég fór í kirkju, það var notalegt. Þegar við komum aftur heim - sjúklega spennt að borða jólamatin sé ég Einsa minn með þvílíkar aðfarir yfir greyð kalkúninum - en það kom sum sé í ljós þegar eldamennskan var á suðupunktinum að djúpteikingarpotturinn var bilaður. Nú voru góð ráð dýr og það eina í stöðunni að bíta fuglinn niður og henda honum inn í ofn.

Kalkúnninn var borinn á borð upp úr kl. 23:00 - en þá vorum við öll frekar södd og sæl eftir að hafa borðað forrétti og meðlæti og fullt af eftirréttum. Þetta var yndislegt og mjög eftirminnlegt kvöld.

Hvað er á jólaborðinu? Ég ólst upp við að borða hamborgarhrygg á aðfangadagskvöld og kynnti þann jólarétt fyrir stelpunum mínum - sem elska reykt svínakjöt. Í dag get ég ekki hugsað mér að borða svona saltkjöt þannig að við erum alltaf með því eða þríréttað svo allir fái það sem þeim finnst gott. Þá vel ég annaðhvort heimagerða innbakaða hnetusteik eða hægeldaða nautalund með heimsins besta perusalati sem Guðrún Hafsteins gaf mér uppskriftina að.

Uppáhalds jólamynd? Uppáhalds jólamyndin mín er án efa Love Actually, hún er bæði falleg, fyndin og ferlega rómantísk.

Uppáhalds jólamynd? Uppáhalds jólasveinninn minn er klárlega pabbi minn, sem sinnti því hlutverki manna best öll mín uppvaxtarár. En ef ég þarf að kjósa um einn af bræðrunum 13 þá fær Kertasníkir mitt atkvæði því hann kemur alltaf með svo skemmtilegar gjafir í skóinn handa öllum heimilismeðlimunum.

Erla Þorsteinsdóttir

Jólin koma þegar....

við fjölskyldan setjumst við borðið okkar á Bala með jólasteikinni, og hlustum á meðan á gamlan jóladisk með Kór Langholtskirkju sem ég söng með hér á árum áður.



Hver er uppáhalds jólaminningin? Sem barn og unglingur er það allt sem viðkom kindunum heima, fara í messu á Land Rover í alls konar veðrum. En í seinni tíð stendur upp úr fyrstu og einu

Uppáhalds jólasveinninn? Stúfur, af því hann er lítill, sætur og gerir sitt besta — eins og ég ;)

 N ÷ **S** **E**

 ÷ **V** ÷ **G** ÷ **N**

D ÷ **B** ÷ **S** ÷ **B**

 ÷ **V** ÷ **r** **p**

 ÷ **g** ÷ **SA** ÷ **U**

[illegible]

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opið hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14-16
Unga fólkið

Miðvikudagar kl. 11-14
Opið hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á Brosiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opið hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18

Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brosið/Smáranir

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir- einn dagur í einu, alla laugardaga. Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA
Mán. kl. 20:30- AA fundur
Þrið. kl. 19- AA konufundur
Mið. kl. 19:30- AA fundur
Fim. kl. 20- AA karlafundur
Fös. kl. 20:30- AA fundur
Lau. kl. 21- AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21- AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa kro- kus. Poniedzialek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8- 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1- 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut- 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18- Konur
Fimmtudaga Kl.18-
Sporafundur- Konur

ÞJÓNUSTA



B.R. FLUTNINGAR
S: 662-1122

Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



prentmet
heildarlausnir í prentun

Við prentum
ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

FÉLAGSSTÖRF



FÉLAG ELDRI BORGARA
FEB
SELFOSS

SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
11. desember kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 11. desember kl. 14:45

LITLU JÓLIN

NEMENDUR ÚR SÖNGDEILD

TÓNLISTARSKÓLAN SKEMMTA

Kvennfélagið með
smákökur og heitt kakó

Mýrdalshreppur og Rarik hefja samstarf um leit að heitu vatni

Í liðinni viku gerðu Mýrdals- hreppur og Rarik ohf. með sér samning um heitavats- leit í nágrenni Víkur í Mýrdal. Samningurinn er liður í sam- starfi sveitarfélagsins og Ra- rik um að kanna möguleika á stofnun hitaveitu til að anna kyndipörf þéttbýlisins í Vík til lengri tíma.

Rarik á og rekur nú fjórar hitaveitur á dreifisvæði sínu; í Búðardal, á Blönduósi og Skagaströnd, Siglufirði og Höfn í Hornafirði, og býr að áratuga- langri reynslu af uppbyggingu og rekstri slíkra veitna.

Í dag eru öll hús í Vík raf- kynt og afhendingargeta raf- orku til svæðisins er takmörk- uð. Ný hitaveita myndi draga úr þörf fyrir raforku til húshitunar á svæðinu, auka sveigjanleika og öryggi í raforkudreifingu til Víkur, lækka orkukostnað heimila og fyrirtækja og styrkja aðdráttarafl Víkur fyrir íbúa og atvinnulíf.

Jarðhitaleit undir Hrafnatindum

Í fyrstu verður leitað að heitu vatni ofan þéttbýlisins í Vík, m.a. undir Hrafnatindum. Leit- in felur í sér jarðfræðirannsóknir og tilraunaboranir sem áætlað er að hefjist á sumarmánuðum 2026. Vonir standa til að ef leit skilar árangri verði unnt að byggja upp hitaveitu fyrir Vík og nærliggjandi svæði á næstu árum. Slík hitaveita myndi renna öflugum stoðum undir orkuöryggi Mýrdælinga, styðja við orkuskipti, auka lífsgæði íbúa og efla samkeppnishæfni atvinnulífs í Mýrdalshreppi.

„Með þessu samstarfi erum við að taka mikilvægt skref í átt að öruggari, grænni og hag-

kvæmari orku fyrir íbúa og fyrirtæki í Vík,“ segir Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps.

„Jarðhitaleit í Vík fellur vel að stefnu okkar um orkuör- yggi, að veita gott aðgengi að endurnýjanlegri orku og styrkja framþróun samfélaga á lands- byggðinni,“ segir Óli Þór Jóns- son, rekstrarstjóri hitaveitna hjá Rarik.

Styrkur úr Loftslags- og orkusjóði

Nýverið fengu Mýrdalshreppur og Rarik úthlutað 176 m.kr.

styrk úr Loftslags- og orkusjóði til hitaveituleitar á svæðinu. Styrkurinn er kærkomin inn- spýting í verkefnið og mun nýtast til grunnrannsóknna, jarð- eðlisfræðilegra mælinga og til- raunaborana.

Loftslags- og orkusjóður styður meðal annars verkefni sem draga úr notkun jarðefna- eldsneytis og auka nýtingu innlendra endurnýjanlegra orkugjafa. Verkefnið í Mýrdals- hreppi fellur að þeim markmið- um með því að stuðla að orku- skiptum í kyndingu og bættu orkuöryggi á Suðurlandi.



Óli Þór Jónsson, rekstrarstjóri hitaveitna hjá Rarik og Björn Þór Ólafsson, oddviti sveitarstjórnar Mýrdalshrepps.



Hrafnatindar við Vík

KIRKJUR

Guðsþjónusta
Laugardaginn 13. desember
klukkan 11:00

Jón Hjörleifur leiðir
Bíblíurannsókn.
Ivo Kask predikar.

Barna og unglingastarf á sama tíma

Safnaðarheimili Sjöundadags
Aðventista
Eyravegi 67 - Selfossi

Allir hjartanlega velkomnir

Selfosskirkja
Helgistund og jólaball, 14.des
kl.11:00.
Barnakór Selfosskirkju og
stjórnuakór syngja undir stjórn
Bergþóru Kristínardóttur og
Editar A Molnár.
Prestur: Anna Eiríksdóttir
Foreldrdrasamvera miðvikudag
kl. 11-12
Morgunbænir miðvikudaga kl.
10:00.

Skálholtsdómkirkja
„Gaudete“ messa kl. 11 á þriðja
sunnudegi í aðventu. Nú stýttist
í komu jólaanna og hins him-
neska ljóss sem lýsir heiminum.
Því fögnum við. Bleiki liturinn á
heima á þessum sunnudegi og
margir hafa t.d. eitt bleikt kerti á
aðventukransinum sem er
tendrað þriðja sunnudag í að-
ventu. Sr. Kristín Þórunn
Tómasdóttir sóknarprestur þjón-
ar og prédikar og Jón Bjarnason
dómorganisti leikur á Steinway
flygilinn og orgelið, auk þess
sem hann leiðir safnaðarsöng.
Innléga velkomin!

HEILSA



KÍRÓPRAKTORSTOFA
- SELFOSS -

Tímamantanir í síma 482-2828
eða í noona appinu.

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



Yoga Nidra byrjar
20. okt. kl. 17:00
22. okt. kl. 17:30
24. okt. kl. 10:00



Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í iþróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsuuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Jólahugvekja

Nú er aðventan gengin í garð og sjálf jólahátíðin nálgast óðfluga. Um leið og aðventan hefst byrjum við flest að telja niður til jóla og um leið fara hinar ýmsu hefðir að koma í ljós á ný.

Hefðirnar eru mjög misjafnar og sumar hefðir hafa gengið í arf svo ættliðum skipti. Hefðin heldur þannig áfram og svo gleymum við af hverju eitthvað byrjaði. Dæmi um slíka hefð er um konuna sem sagaði alltaf hangilærið til helminga um hver jöl áður en hún sauð það. Svo þegar hún var spurð hvers vegna hún gerði þetta var svarið „því mamma gerði það alltaf svona.“ En ástæðan var að lærið passaði ekki í gamla pottinn sem var fyrir löngu búið að henda og vandamálið ekki lengur til staðar.

Hefðir eru margar hverjar mjög skemmtilegar og um að gera að halda í þær eins lengi og við getum, sér í lagi þegar þær veita okkur gleði og hamingju.

Aðventan getur verið tími þar sem gert er vel við sig og sína. Farið er út að borða saman, á jólahlaðborð, farið í bæjarferð og jólainnkaupin kláruð. Tala nú ekki um laufabrauðs- og smákökugerðina með tilheyrandi ilm sem færir okkur minningar úr æsku. Aðventan er tími þar sem okkar eigin hefðir blandast við hefðir annarra og úr því verður samfélag sem einkennist af gleði og spennu fyrir komandi hátíð.

Þessi spenna verður líka til þess að tíminn virðist oft á tíðum líða ofurhægt og það á sér í lagi við fyrir börnin.

Rétt eins og við sem erum fullorðin nota börnin aðventuna til að telja niður til jóla. Þau gleðjast yfir öllum jóla-skreytingunum og ljósunum sem gefa frá sér spennandi birtu og svo ég tali nú ekki um ef jólasnjórinn lætur sjá sig.

Aðventan er fyrir þeim langur biðtími þar sem biðin eftir jólnum, pökkunum, tímanum með fjölskyldunni og líklega jólafríinu frá skólanum verður allt að því yfirþyrmandi.

Og í öllum þessum spennangi verður biðin löng.

Þegar við hugsum um það hvort biðin sé okkur löng þá fer það auðvitað eftir því hvort okkur finnist til dæmis jólin skemmtilegur tími eða ekki. Sá sem þolir illa jólahátíðina hlakkar væntanlega ekki mikið til og því lítið að biða eftir, en hlakki þú til jólahátíðarinnar verður oft mjög erfitt að biða.

Á aðventunni erum við alltaf að biða eftir einhverju. Við biðum eftir að komast á jólatónleikana, við biðum eftir að sjá kveikt á jólatrénu, við biðum eftir að klára jólaundirbúninginn og við biðum eftir að komast á jólahlaðborðið og raða kræsingunum í okkur í óhóflegu magni. Sem síðar kostar okkur reyndar „kjötsvita“ með tilheyrandi samviskubiti og loforðaflaum um að endurtaka ekki leikinn að ári. Sem líkur eru á að gleymist þó jafn skjótt. En síðast en ekki síst þá biðum við eftir jólnum. Þá byrjum við á því að telja niður vikurnar og svo dagana í spennangi eftir komu sjálfrar jólahátíðarinnar.

En ímynd aðventunnar og jólahátíðarinnar er vissulega afskaplega rómantísk og kannski viljum við bara hafa hana þannig. Flestar, ef ekki allar, auglýsingar sem við sjáum snúast um það að allt sé hreint og fint, snjórinn nýfallinn og hvítur, arineldurinn á fullu og við sitjum ýmist eða liggjum undir hlýju teppi með heitt kakó og smákökur horfandi á sjónvarpið eða með bók í hendi. Allt gert í

fullkominni afslöppun og rólegheitum.

Þetta er vissulega falleg og eftirsóknarverð mynd, en er þetta raunhæf ímynd?

Svarið við því fyrir okkur flest er án efa nei. Raunhæfari mynd væri eflaust sú að krakkarnir væru hlaupandi um í sykurvímu, yfir sig spenntir að komast í nýju leikföngin. Mynd þar sem fullorðna fólkið og unglingarnir komast varla á fætur fyrir hádegi af þreytu eftir aðventuna og auðvitað spennufallið sem fylgdi sjálfum aðfangadegi. En svo, loksins þegar við komumst fram úr, fallast okkur hendur þegar við sjáum að það er enn allt á rúi og stúi eftir hátíðarkvöldverðinn og fljótlega þarf að gera allt klárt á ný fyrir jólaboð dagsins.

Ímynd aðventunnar er margslungin og er eflaust blanda af þessum báðum og fleiri til. Ímynd sem við hugsum til og fær okkur oftast en ekki til þess að hlakka til þessarar löngu en um leið góðu hátíðar sem snertir okkur öll.

Aðventan og jólin eru sannarlega hátíð ljóss og friðar, hátíð barnanna, hátíð gleði og hamingju.

En við eigum ekki öll ánægjulegar minningar af jólnum eða aðventunni. Sum okkar finna fyrir kvíða og ótta. Fráfall einhvers nákomins getur valdið því að sorg og söknuður gerir vart við sig og sé fjárhagurinn ekki eins og við óskum okkur getur verið erfitt að sjá gleðina sem þó fylgir jólnum.

Þá geta hugsanir eins og „Ef ég hefði bara...“ eða „ef ég hefði ekki...“ nú eða jafnvel „hvað ef...“ komið upp í hugann. Þessar hugsanir eru ósköp eðlilegar en geta verið mjög erfiðar við að eiga. Fjölmörg ráð eru til sem hjálpa en af þeim er líklegast nauðsynlegast að muna eftir



því að næra sig vel, huga að hvíldinni og auðvitað að reyna að tala um þær tilfinningar við einhvern sem við treystum. Þannig léttum við birgðirnar og um leið á ljósið og gleði jóllanna örliðið auðveldari leið að okkur.

Það krefst mikils hugrekks að takast á við erfiðu tilfinningarnar, en verðlaunin sem við hljótum þegar við gerum það eru ótvíræð og þegar líður hjá finnum við gleðina á ný.

„Verið óhræddir, sjá ég boða yður mikinn fögnuð“

Þessi orð englanna um að vera óhrædd og finna hjá okkur gleðina sem fylgir fréttunum um fæðingu frelsarans eru ómetanleg. Þessi orð getum við tekið sem hvatningarorð til okkar, ekki aðeins á adventu og jólum, heldur á hverjum degi og gengið óhrædd og hugrökk út í daginn.

Fæðing Jesú Krists breytti allri heimsmyndinni. Þessi langa bið Maríu og Jósefs eftir Jesú litla var loksins á enda. Nú voru þau þrjú þarna ekki á gistiheimili heldur meðal húsdýra. Þau voru ekki heldur þarna að eigin frumkvæði heldur voru þau að hlýða kalli landstjórans. Þau voru ekki með neitt aukalega en samt voru þau hamingjusöm og ánægð. Þegar öllu var á botninn hvolft þá gerðu þau sitt besta og óafvitandi héldu þau hin fyrstu jóla saman.

Nú nálgast jólin og þér er boðið að taka þátt og gleðjast með öllum heiminum. Gleðjast yfir fréttinni af fæðingu frelsarans, gleðjast yfir fréttinni af því þegar Guð kom í heiminn til okkar sem lítið ósjálfbjarga barn.

„Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs. Og hafið þetta til marks: Þér munuð finna ung barn reifað og liggjandi í jötu.“

Megi Guð gefa þér og þínum gleðilega jólahátíð.

Sr. Ingimar Helgason



FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@bntnet.is - www.pipulagnirjulla.is

ÖKULAND
Endurmenntun
atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun
Meirapróf
okuland.is

BRAMA AF VINATU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

Áreiðanlegir pípulagningaverktakar
NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR
Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI
NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR
KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM
S: 692-2575
800 SMÍÐI

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem
fagmennirnir vinna
★★★★★
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir
Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.tris.is

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir
Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

prentmet
heilðarlausnir í prentun
Við prentum
ljósmyndir
honnun.prentmetoddi.is
SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

Stíflubjónusta
Sævars Selfossi
Sími: 861 1919 YFIR
stifla.selfoss@gmail.com 20 ÁRA
REYNSLA
Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta
Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn
Sími: 760-5670 - pulsinn@pulsinn.com

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS
stiflulosun.is
VIÐ ELSKUM
STÍFLUR!
ÁRATUGA REYNSLA
OG SÉRÞEKKING
Á FRÁVEITUMÁLUM
VIÐ ÞJÓNUSTUM
EINSTAKLINGA
FYRIRTÆKI
HÚSFÉLÖG
SVEITAFÉLÖG
510-1180 / 669-8441

ÖLL ALMENN
SMÍÐAVINNA
LÖGGILTIR
HÚSASMÍÐAMEISTARAR
848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN
GBHUSEHF@GMAIL.COM
GB HÚS
SÍMI: 848-0964

Ökukennsla
Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798
Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is